



Strandavegur (643) í Arneshreppi

Um Veiðileysuháls, Krákuá–Kjósará
Svör við umsögnum um umhverfismatsskýrslu

Vegagerðin – Helga Aðalgeirsdóttir (ritstjóri), Margrét Ósk Aronsdóttir og Sóley Jónasdóttir

Útgefið 18.1.2023 Viðbætur dags. 31.01.2023

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
1 Anna Þ. Anesdóttir	3
1.1 Umsögn Önnu Þ. Anesdóttur dags. 22.11.2022.....	3
1.2 Svar Vegagerðarinnar við umsögn Önnu Þ. Anesdóttur	3
2 Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða	4
2.1 Umsögn Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða dags. 2. desember 2022.....	4
2.2 Svar Vegagerðarinnar við umsögn Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða.....	4
3 Sigríður Ármannsdóttir	5
3.1 Umsögn Sigríðar Ármannsdóttur dags. 3. desember 2022	5
3.2 Svar Vegagerðarinnar við umsögn Sigríðar Ármannsdóttur	5
4 Minjastofnun	6
4.1 Umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 7. desember 2022	6
4.2 Svar Vegagerðarinnar við umsögn Minjastofnunar Íslands.....	21
5 Umhverfisstofnun	27
5.1 Umsögn Umhverfisstofnunar dags. 8. desember 2022	27
5.2 Svar Vegagerðarinnar við umsögn Umhverfisstofnunar.....	27
6 Landgræðslan	28
6.1 Umsögn Landgræðslunnar dags. 14. desember 2022.....	28
6.2 Svar Vegagerðarinnar við umsögn Landgræðslunnar	28
7 Náttúrufræðistofnun Íslands	29
7.1 Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands dags. 14. desember 2022.....	29
7.2 Svar Vegagerðarinnar við umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands	30
8 Árneshreppur	32
8.1 Umsögn Árneshrepps dags. 30. desember 2022	32
8.2 Svar Vegagerðarinnar við umsögn Árneshrepps.....	32
9 Fiskistofa	34
9.1 Umsögn Fiskistofu dags. 30. desember 2022.....	34
9.2 Svar Vegagerðarinnar við umsögn Fiskistofu.....	34
10 Samgöngustofa og Veðurstofa Íslands	35
10.1 Umsögn Samgöngustofu dags. 03. janúar 2023.....	35
10.2 Svar Vegagerðarinnar við umsögn Samgöngustofu.....	35
10.3 Umsögn Veðurstofu Íslands dags. 03. janúar 2023.....	35
10.4 Svar Vegagerðarinnar við umsögn Veðurstofu Íslands	35
11 Hafrannsóknastofnun	36
11.1 Umsögn Hafrannsóknastofnunar dags. 02. janúar 2023.....	36
11.2 Svar Vegagerðarinnar við umsögn Hafrannsóknastofnunar	37

1 Anna Þ. Anesdóttir

1.1 Umsögn Önnu Þ. Anesdóttur dags. 22.11.2022

Sem einn af eigendum Veiðileysu langar mig að athuga hvort gerðar hafi verið athuganir á áhrifum hávaðamengunar við tilfærslu á vegi?

Einnig langar mig að koma með smá leiðréttingu áin heitir Kráka ss Krákuá en ekki Kráká.

1.2 Svar Vegagerðarinnar við umsögn Önnu Þ. Anesdóttur

Vegagerðin þakkar fyrir athugasemdirnar frá Önnu Þ. Anesdóttur.

Við undirbúning framkvæmdarinnar hafa ekki verið gerðar hljóðmælingar eða aðrar rannsóknir á áhrifum framkvæmdarinnar á hávaðamengun, en fjallað er um heilsu og hljóðvist í kafla 6.5 í umhverfismatskýrslunni. Umfjöllun þar tengist köflum 2.4 og 6.4 um landeigendur og landnýtingu.

Við kafla 6.5 má bæta eftirfarandi:

Þótt vegurinn færist nær Veiðileysu þá verður hann samt sem áður mjög langt frá frístundahúsum í Veiðileysu. Núverandi vegur er í um 900 m fjarlægð þar sem hann er næst húsunum en nýr vegur verður í um 690 m fjarlægð.

Sama gildir um frístundahúsin í Kúvíkum; Nátthaga og Grund, en Nátthagi er í 720 m fjarlægð frá núverandi vegi og Grund í um 880 m fjarlægð. Í tillögu að matsáætlun frá apríl 2020 kemur fram að fjarlægð milli Nátthaga og nýs Strandavegar samkvæmt veglínu A verði um 330 m. Á því svæði eru nú kynntar tvær veglínur og fjarlægðin að veglínu 705 verður um 520 m. Grund verður áfram fjær veginum, eða í um 750 m fjarlægð.

Hávaði frá umferð í svo mikilli fjarlægð mun ekki fara yfir viðmiðunarmörk sem eru í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða við frístundahús.

Nýr Strandavegur um Veiðileysuháls verður ekki eins brattur og núverandi vegur og eins er miðað við að hann verði lagður klæðingu í stað malarslitlags. Hvoru tveggja mun hafa í för með sér minni hávaða frá umferð um nýjan veg. Hins vegar má búast við að betri vegur um Veiðileysuháls muni hafa í för með sér aukna umferð um Strandaveg og að það verði meiri umferð að vetrarlagi en hún er nú. Að vetrarlagi er hávaði frá umferð meiri en að sumarlagi, bæði vegna meiri hávaða frá vetrardekkjum farartækja en sumardekkjum og því að frosin jörð endurkastar hljóði meira en ófrosin. Vegna þessa og færslu vegarins nær frístundahúsum mun umferðarhávaði við frístundahús aukast, en þó ekki fara yfir viðmiðunarmörk sem eru í áður nefndri reglugerð.

Við gerð matsáætlunar var nafnið „Kráka“ notað. Við undirbúning umhverfismatskýrslu var farið í nokkra hringi með nafn árinna vegna mismunandi upplýsinga. Að lokum var ákveðið að fara eftir því sem kom fram í örnefnasjá Landmælinga Íslands sumarið 2022 en það var Kráká. Örnefnasjá hefur nú verið löguð og Kráká er ekki lengur að finna í örnefnasjánni heldur nafnið Kráka (tvínefni Krákuá) og verður það notað hér eftir.

2 Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða

2.1 Umsögn Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða dags. 2. desember 2022

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða hefur yfirfarið matsskýrsluna og gerir ekki athugasemdir við matið, enda verði tryggt að vatnsból verða ekki fyrir mengun og framkvæmdaraðili sækir um starfsleyfi og skráningar til Heilbrigðisnefndar. Sérstaklega þarf að huga að vatnsbóli fyrir Djúpavík sem liggur nálægt fyrirhuguðu vegstæði.

Heilbrigðiseftirlit veitir starfsleyfi, skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti fyrir **vinnubúðir**, skv. reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit, sækja þarf um starfsleyfi fyrir vinnslu jarðefna og **námur**. Skrá skal **farandsalerni**, **verkstæðisaðstöðu** skv. reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur nr. 830/2022 Olíubirgðir skv. reglugerð nr. 35/1994. **Eldhúsaðstöðu** skv. lögum um matvæli nr. 93/1995, Um **neysluvatn** skv. reglugerð 536/2001 um Neysluvatn.

2.2 Svar Vegagerðarinnar við umsögn Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða

Vegagerðin mun hafa eftirlit með að farið verði eftir þeim lögum og reglum sem gilda um framkvæmdir á svæðinu og taldar eru upp í framangreindri umsögn.

Sérstaklega verður hugað að vatnsbóli fyrir Djúpavík og gerðar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að það mengist.

3 Sigríður Ármannsdóttir

3.1 Umsögn Sigríðar Ármannsdóttur dags. 3. desember 2022

Það vantar að tilgreina að lækur sem rennur hægra megin við Nátthaga í landi Kúvíkur og er í minni eigu er vatnsból mitt. Afstaða er ef staðið er fyrir ofan hús þ.e. upp á núverandi vegi (vinstra megin ef ert úti á sjó). Vinsamlegast merkið það inn þannig að tryggt verði að hann verði nothæfur að loknum framkvæmdum.

Annað er möguleiki á að fá að leggja vatnsrör meðfram nýja veginum frá Kráku að húsinu mínu það myndi tryggja vatnsöryggi, það yrði þá gert á þegar framkvæmdir stæðu yfir.

3.2 Svar Vegagerðarinnar við umsögn Sigríðar Ármannsdóttur

Vegagerðin þakkar fyrir upplýsingarnar.

Nýr Strandavegur um Veidileysuháls verður á fyllingu þar sem lækurinn (vatnsbólíð) rennur og því á framkvæmdin ekki að hafa áhrif á hann. Við skoðun loftmyndar virðist sem vegurinn þveri þrjár greinar lækjarins, við stöð 6210, stöð 6240 og 6420. Lækirnir verða merktir inn á teikningar í útboðsgögnum og lagðir í ræsum undir veginn.

Sömu skilyrði verða sett um aðgát í grennd við lækina og annars staðar þar sem framkvæmdir verða í grennd við vatnsból, sbr. kafla 6.12.4 í umhverfismatsskýrslu.

Áður en framkvæmdir hefjast verður samið við landeigendur. Við samningana verður metið hvort leggja skuli vatnslögn frá Krákuá að Nátthaga.

4 Minjastofnun

4.1 Umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 7. desember 2022¹

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 1. nóv. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Vegagerðinni hefur verið falið að ný- og endurbyggja Strandaveg (643) á 11,6 km kafla milli Kráku í Veidileysufirði og Kjósarár í Kjósarvík í sveitarfélaginu Árneshreppi í Strandasýslu.

Margar veglínur hafa verið skoðaðar og þær bornar saman m.t.t. ýmissa þátta. Vegagerðin tók ákvörðun um að leggja fram tvær veglínur, veglínu A og veglínu 705 til mats á umhverfisáhrifum. Í umhverfismatsskýrslu er einnig fjallað um núllkost. Í núllkosti felst óbreytt ástand í samgöngumálum á svæðinu. Vegagerðin telur þann valkost ófullnægjandi því að vegurinn er vegtæknilega óviðunandi og aðeins er mögulegt að nýta hann sem sumarveg þar sem hann liggur um Veidileysuháls. Einnig liggur hann um krappar, þröngar og blindar beygjur milli húsa á Djúpvík þar sem er illmögulegt að skilja að umferð gangandi og akandi vegfarenda. Að mati Vegagerðarinnar uppfyllir núllkostur ekki kröfur Samgönguáætlunar (Vegagerðarinnar) um öruggar og greiðar samgöngur. Með tilliti til markmiða framkvæmdarinnar sem snúa að því að bæta vegasamband, tryggja greiðar samgöngur og auka umferðaröryggi á svæðinu, telur Vegagerðin ljóst að núllkostur sé varla raunhæfur valkostur.

Veglína A um Veidileysuháls er 11,8 km löng. Í umhverfismatsskýrslu segir að við staðsetningu veglínunnar hefur verið reynt að taka tillit til landslags, fornleifa og snjósöfnunar eins og framast er unnt. Veglína 705 er 11,5 km löng. Hún fylgir veglínu A að mestu leyti. Veglína 705 víkur frá veglínu A á milli stöðva 6250-8910, sem eru stöðvar 6250-8620 á veglínu 705. Á þeim kafla liggur veglínan á sléttunni fyrir framan Langahjalla og fer síðan niður í fjöru eftir að komið er fram yfir Kleifará.

Í umhverfismatsskýrslu segir að engar rannsóknir hafi verið gerðar á veglínu 705 á 2,5 km kafla þar sem hún víkur frá veglínu A. Ef veglína 705 verði fyrir valinu sem valkostur þurfi því að ráðast í rannsókn á fornleifum og gróðurfari áður en framkvæmdir hefjast.

Í kafla 5.4 í umhverfismatsskýrslu kemur fram að Vegagerðin hafi skilgreint rannsóknarsvæði vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðarinnar. Það náði yfir mögulegt framkvæmdasvæði vegagerðarinnar og þau námusvæði sem skilgreind

¹ Vakín er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakín athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

voru í upphafi. Svæði var að jafnaði 200 m breitt, þ.e. 100 m til hvorrar handar frá miðlínu veglínu.

Í kafla 4.5 er fjallað um athafnasvæði. Þar segir að gera þurfi ráð fyrir athafnasvæði fyrir verktaka til að geyma vélar og tæki og svæði fyrir vélaverkstæði, skrifstofu og vinnubúðir. Einnig þurfi að gera ráð fyrir svæði fyrir efnisvinnslu í námum. Vegagerðin telji líklegt að verktaki muni velja stað fyrir athafnasvæði miðsvæðis. Krafa verði um að það verði utan svæðis á náttúruminjaskrá og utan minjasvæða.

Í umfjöllun um efnistöku vegna vegagerðarinnar kemur fram að fyrirhuguð efnistökusvæði verða öll í skeringum meðfram nýjum vegi. Lögð verði áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan framkvæmdasvæðisins, sem er skilgreint sem vegsvæðið að viðbættum fyllingar- og skeringarsvæðum, auk svæðis fyrir vinnubúðir. Öll umferð vegavinnutækja verður bönnuð utan framkvæmdasvæðisins.

Fjallað er um fornleifar í kafla 6.6 í umhverfismatsskýrslu. Eins og þar kemur fram fékk Vegagerði Fornleifastofnun Íslands ses til að skrá fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Athugunarsvæðið var tæplega 12 km að lengd og 300 m breitt, þ.e. 150 m til hvorrar handar frá miðlínu fyrirhugaðs vegar. Athugunarsvæðið liggur innan jarðanna Veidileysu, Kambs og Kjósar í Árneshreppi. Alls voru skráðar 72 fornleifar á 67 stöðum innan svæðisins, flestar í landi Kjósar.

Í umhverfismatsskýrslu er fjallað um fornleifar innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og almennt um áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar á svæðinu. Í teikningahefti sem fylgir umhverfismatsskýrslunni eru loftmyndir sem sýna staðsetningu fornleifa innan og í nágrenni áhrifasvæðis framkvæmdarinnar. Framsetningin gefur þó aðeins óljósa mynd af staðsetningunni og dreifingu fornleifa innan svæðisins. Í umhverfismatsskýrslu eru nákvæmari myndir sem sýna staðsetningu og útlínur fornleifar og legu nýja vegarins á ákveðnum svæðum innan framkvæmdasvæðisins. Í kaflanum um fornleifar í skýrslunni eru töflur (6.6.1 og 6.6.2) þar sem m.a. má sjá fjarlægð einstakra fornleifa frá framkvæmdasvæðinu og tillögur að mótsvægisáðgerðum.

Hér á eftir verður fjallað um einstaka fornleifar innan framkvæmdasvæðisins og kröfur Minjastofnunar um mótvægisáðgerðir. Umfjöllunin hefst við austurenda framkvæmdasvæðisins í landi Veidileysu við Veidileysufjörð og lýkur við vesturenda svæðisins í landi Kjósar.

Veidileysa.

Í landi Veidileysu (ST-003) voru níu minjastaðir skráðir. Á einum stað (ST-003:024) eru fimm fornleifar, fjórar sjóbúðir (ST-003:024_01-04) og leifar hjalls (ST-003:024_05). Fjórir minjastaðir legstaður/þjóðsaga (ST-003:022), landing (ST-003:023), sjóbúðir (ST-003:024) og varða (ST-003:059) eru í meira en 100 m fjarlægð frá jaðri fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Minjastofnun Íslands telur skráningu fornleifanna fullnægjandi mótvægisáðgerð. Þrír minjastaðir mógrafir (ST-003:009) og tvær vörður (ST-003:056 og 057) eru í 65 til 71 m fjarlægð frá jaðri framkvæmdasvæðisins. Minjastofnun telur að gera eigi verktökum grein fyrir staðsetningu fornleifanna til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá á meðan á framkvæmdum stendur. Varða (ST-003:035) er í 6 m fjarlægð frá jaðri fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis skv. töflu 6.6.1 í umhverfismatsskýrslu. Á minjakorti 6 í skýrslu

Fornleifastofnunar er varðan sýnd í svipaðri fjarlægð frá miðlínu vegarins og varða (ST- 003:059). Í umhverfismatsskýrslu segir að veglínan hafi verið færð til innan rannsóknarsvæðis í hárnálabeygju á Veidileysuhálsi. Það skýrir að öllum líkindum af hverju varða (ST-003:035) liggur nú svo nærri framkvæmdasvæðinu.

Svar Vegagerðarinnar:

Veglínan í hárnálabeygjunni var færð vegna hættu á snjósöfnun á veg. Í útboðsgögnum verður verktaka gerð grein fyrir staðsetningu eftirfarandi fornleifa til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá á framkvæmdatíma:

- Mógrafir (ST-003:009)
- Varða (ST-003:056)
- Varða (ST-003:057)

Eftirfarandi má lesa um vörðu (ST-003:035) í skýrslu Fornleifastofnunar: *“Beint upp af Efra-Móholti er Vörðuholt. Á því er Varða. Oft var sagt “að fara upp að Vörðu”,” segir í örnefnalýsingu. Varða þessi var einnig nefnd Kaupstaðarvarða. Farið var hjá henni á leið yfir á Kúvíkur. Varðan er hátt uppi á brún, tæpa 800 m norðvestur af bæjarhól 001 í beina loftlínu. Hróstrug brún. Varðan er þokkalega hlaðin, 1,3 m há og um 1,5 í þvermál að grunnfleti. Skófir vaxa á grjóthleðslum sem eru nokkuð úr lagi gengnar en þó ekkert farnar að hrynja. Mjög víðsýnt frá vörðunni yfir Veidileysuffjörð”. Eins og áður segir er varðan einungis í 6 m fjarlægð frá jaðri fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Það eru því miklar líkur á að henni verði raskað. Minjastofnun telur að reyna ætti að varðveita vörðuna t.d. með því að merkja hana vel á meðan á framkvæmdum stendur. Ef ekki verður komist hjá raski á vörðunni þarf að sækja um leyfi Minjastofnunar fyrir slíku raski sbr. 21. gr. laga um menningarminjar (Nr.80/2012).*

Svar Vegagerðarinnar:

Við fullnaðarhönnun vegarins verður reynt að varðveita vörðuna og merkja hana vel á meðan framkvæmdum stendur. Ef ekki verður komist hjá raski á vörðunni verður sótt um leyfi Minjastofnunar fyrir slíku raski sbr. 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012).

- Varða (ST-003:035)

Önnur varða (ST-003:058) lendir innan framkvæmdasvæðisins. Í skýrslu Fornleifastofnunar segir að varðan sé hrunin og að grjót liggja til suðausturs frá henni. Mosi vaxi yfir hluta þess. Enn megi sjá þrjú umför grjóthleðslu í vörðunni sem sé 0,3 m á hæð. Minjastofnun Íslands telur skráningu vörðunnar fullnægjandi mótvægisáðgerð.

Vegur (ST:611:001). Í fornleifaskráningarskýrslu segir að reiðvegur hafi verið lagður frá Veidileysu upp hrjóstruga fjallshlíðina í átt að Vegaskarði. Vegurinn er hvergi upphlaðinn heldur einungis rudd slóð.

Ekki er ljóst hvenær ráðist var í vegagerðina en líklega hefur það verið á fyrri hluta 20. aldar. Veglína A mun þvera gamla veginn á tveimur stöðum sbr. mynd 6.5.5 í umhverfismatsskýrslu. Minjastofnun telur skráningu vegarins fullnægjandi mótvægisáðgerð en leggur áherslu á að gamla veginum verði ekki raskað meira en nauðsyn krefur.

Kambur.

Í landi Kambs (ST-004) voru þrjár fornleifar skráðar, nátthagi (ST- 004:018), leið (ST-004:038) og mógrafir (ST-004:088). Allir minjastaðirnir eru innan marka fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis skv. töflu 6.6.1 í umhverfismatsskýrslu.

Um nátthaga (ST-004:018) segir í skýrslu Fornleifastofnunar: *“Þá kemur vík sem nefnist einu nafni Nátthagí. Þar var afgirtur nátthagí, en hann var ekki notaður, svo Ína [Jensen] muni til,” segir í örnefnaskrá. Vík sem kemur heim og saman við lýsinguna er 380 m vestur af Stekk 056. Grösugt undirlendi er upp af víkinni, hún er klettum girt yst eða austast. Undir klettunum er hlaðin skeifulaga rétt, 6 x 9 m stór og opin í vestur. Suðurhliðin er grjóthlaðin en að norðan er fyllt upp í tvö skörð milli kletta. Hleðslur standa bærilega, allt að 0,8 m háar og í þeim 4-5 umför grjóts. Réttin virðist tæplega nógu stór til að geta kallast nátthagí, hins vegar er víkin í sjálfu sér ágætt aðhald. Ekki fundust neinar aðrar hleðsluleifar á svæðinu sem gætu verið af nátthaga“. Á mynd 6.6.1 sést að nátthaginn (ST-004:018) er þétt upp við skeringu milli stöðva 7100 og 7200. Minjastofnun telur að reyna ætti að varðveita nátthagann ef mögulegt er, t.d. með því að minnka skeringuna við hann og með því að girða hann af á meðan á framkvæmdum stendur. Ef ekki verður komist hjá raski á nátthagannum þarf að sækja um leyfi Minjastofnunar fyrir slíku raski sbr. 21. gr. laga um menningarminjar (Nr.80/2012). Stofnunin mun þá ákveða til hvaða mótvægisáðgerða skuli gripið.*

Svar Vegagerðarinnar:

Við fullnaðarhönnun vegarins verður reynt að varðveita nátthagann og girða hann af og merkja vel á meðan framkvæmdum stendur. Ef ekki verður komist hjá raski á nátthagannum verður sótt um leyfi Minjastofnunar fyrir slíku raski sbr. 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) og ráðist í þær mótvægisáðgerðir sem Minjastofnun fer fram á.

→ Nátthagi (ST-004:018)

Í fornleifaskráningarskýrslu segir að leið (ST-004:038) sé rudd leið sem liggir í gegnum áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Minjastofnun telur skráningu leiðarinnar fullnægjandi mótvægisáðgerð.

Um mógrafirnar (ST-004:088) má lesa eftirfarandi í skýrslu Fornleifastofnunar: *Mógrafir eru rétt vestan við Búðará, um 5,2 km VNV við bæ 001 og rúmum 370 m VSV við mógrafir 039. Grafirnar eru rétt norðvestan við gróinn klettahamar. Til vesturs er framræst votlendi. Mógrafirnar eru á svæði sem er 50 x 35 m að stærð og snýr norður-suður. Innan svæðis eru um 8 - 14 mógrafir, allflestar þeirra eru ferhyrndar, 5 x 4 m að stærð og snúa nálega ANA-VSV. Grafirnar eru 0,4 - 0,6 m djúpar. Vatn stendur í botni margra mógrafa og í sumum þeirra vex stór. Á austurhluta svæðisins eru grafirnar þó samansignar og lítið vatn í þeim. Minjastofnun telur skráningu mógrafanna fullnægjandi mótvægisáðgerð.*

Leið (ST-611:002). Í fornleifaskráningarskýrslu segir að ummerki um götuna sjást enn í landi Kambs, ST-004, rétt vestan við Strandaveg 643. Innan marka rannsóknarsvæðis hafi götunni verið fylgt á um 150 m löngum kafla en leiðin nái lengra til vesturs, utan rannsóknarsvæðis. Á leiðinni sjáist ógróin gata, 0,3-0,5 m breidd og 0,2 m djúp, botn götunnar sé grýttur. Veglína A mun raska leiðinni að

hluta. Minjastofnun telur skráningu leiðarinnar fullnægjandi mótvægisáðgerð en leggur áherslu á að henni verði ekki raskað meira en nauðsyn krefur.

Svar Vegagerðarinnar:

Í útboðsgögnum verður verktaka gerð grein fyrir staðsetningu eftirfarandi minjastaðar til að koma í veg fyrir að hann raskist af vangá á framkvæmdatíma:

→ Leið (ST-611:002)

Kjós.

Í landi Kjósar voru 50 minjastaðir skráðir. Í umhverfismatsskýrslu og fornleifaskráningarskýrslu er vakin athygli á tveimur svæðum innan jarðarinnar, heimatúni Kjósar þar sem 28 minjastaðir voru skráðir og minjum nærri þorpinu í Djúpuvík þar sem 10 staðir voru skráðir.

Í fornleifaskráningarskýrslu segir að bæjarhóll seinasta Kjósarbæjarins (ST-005:001_1) sjáist á svæði sem sé rúmlega 25 x 20 m stórt. Sjá má útlínur og staðsetningu bæjarhólsins á mynd 6.6.3 í umhverfismatsskýrslu. Þar er einnig sýnd fyrirhuguð lega veglínu A með skeringum og námum R og S. Í töflu 6.6.1 í umhverfismatsskýrslu kemur fram að bæjarhóllinn er í 32 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði vegarins. Kálgarður (ST-005:001_2) er á bæjarhólnum. Stórupúfur (ST-005:011) eru norðaustur af bæjarhólnum. Stórapúfa er kúptur og reglulegur hóll um 20 m í þvermál. Í Stórupúfum er talið að bær hafi staðið áður en hann var fluttur þangað sem síðasti bærinn stóð. Í töflu 6.6.1 í umhverfismatsskýrslu kemur fram að bæjarhóllinn (ST-005:001_1) er í 32 m fjarlægð frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og að Stórapúfa er í 68 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Minjastofnun telur að með því að girða bæjarhóllinn og Stórupúfu af á meðan á framkvæmdum við veginn stendur megi koma í veg fyrir að hólunum verði raskað.

Svar Vegagerðarinnar:

Áður en framkvæmdir hefjast verða eftirfarandi minjastaðir girtir af á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að þeir raskist af vangá á framkvæmdatíma:

→ Bæjarhóll (ST-005:001_1)

→ Kálgarður (ST-005:001_2)

→ Stórupúfur (ST-005:011)

Í gamla heimatúninu og næsta nágrenni þess er fjöldi minjastaða eins og sést á mynd 6.6.3 í umhverfismatsskýrslu. Eftirfarandi minjar eru í yfir 100 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu: Heimild um lendingu (ST-005:003), tóft (ST-005:006), heimild um lendingu (ST-005:020), huldufólksbústaður / Klömp (ST-005:022), heimild um vað (ST-005:034), heimild um Sjávangötu (ST-005:049) og varða (ST-005:064).

Minjastofnun telur skráningu þessar minjastaða fullnægjandi mótvægisáðgerð. Minjastofnun Íslands telur að skráning sé einnig fullnægjandi mótvægisáðgerð vegna eftirtalinna minja á og í nágrenni bæjarhóls Kjósarbæjarins: Veitu/örnefnis (ST-005:007), heimildar um kví (ST-005:021), heimildar um vað (ST-005:028),

heimildar um Kindavað (ST- 005:033), vaðs (ST-005:062), vaðs (ST-005:063) og túngarðs (ST- 005:065).

Minjastofnun telur að upplýsa þurfi verktaka um eftirtalda minjastaði á og í nágrenni bæjarhóls Kjósarbæjarins til að koma í veg fyrir að þeir raskist af vangá á meðan á framkvæmdum stendur: Kvíar (ST- 005:008), skotbyrgi (ST-005:009), tóft (ST-005:041) og tóft (ST- 005:042).

Svar Vegagerðarinnar:

Í útboðsgögnum verður verktaka gerð grein fyrir staðsetningu eftirfarandi minjastaða til að koma í veg fyrir að þeir raskist af vangá á framkvæmdatíma:

- Kvíar (ST- 005:008)
- Skotbyrgi (ST-005:009)
- Tóft (ST-005:041)
- Tóft (ST- 005:042)

Minjastofnun telur að merkja þurfi eftirtalda minjastaði á og í nágrenni bæjarhóls Kjósarbæjarins til að koma í veg fyrir að þeir raskist af vangá á meðan á framkvæmdum stendur: Öskuhaug (ST-005:002), Fjósflöt (ST- 005:004), tóft (ST- 005:005), túngarð (ST-005:016), tóft (ST-005:035), brunn (ST-005:067) og tóft (ST- 005:069).

Svar Vegagerðarinnar:

Í útboðsgögnum verður greint frá eftirfarandi minjastöðum og áður en framkvæmdir hefjast verða þeir merktir á áberandi hátt til að koma í veg fyrir að þeir raskist af vangá á framkvæmdatíma:

- Öskuhaugur (ST-005:002)
- Fjósflöt (ST- 005:004)
- Tóft (ST-005:005)
- Túngarður (ST-005:016)
- Tóft (ST-005:035)
- Brunnur (ST-005:067)
- Tóft (ST-005:069).

Hlaðinn garður (ST-005:010) er á sjávarbakka norðan Húsatúns, fast austan við ós Kjósarár. Garðurinn er hlaðinn úr grjóti og um 10 m frá austurenda hans er lítið grjótbyrgi samhlaðið grjótgarðinum, tæplega 2 x 2 m að stærð. Garðurinn er einungis í 5 m fjarlægð frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Garðurinn sést á túnakorti frá 1917 og skrásetjari telur hann hluta af túngarði ST-005:016. Minjastofnun telur að ekki fengjust frekari upplýsingar um garðinn þó grafin yrði könnunarskurður í hann. Engu að síður ætti að merkja garðinn vel og reyna að koma í veg fyrir að hann raskist á meðan á framkvæmdum stendur. Ef raska þarf garðinum og byrginu nærri austurenda hans þarf að sækja um leyfi Minjastofnunar fyrir slíku raski sbr. 21. gr. laga um menningarminjar (Nr.80/2012). Stofnunin mun þá ákveða til hvaða mótvægisáðgerða skuli gripið.

Svar Vegagerðarinnar:

Við fullnaðarhönnun vegarins verður reynt að varðveita hlaðna garðinn og byrgið nærri austurenda hans. Í útboðsgögnum verður greint frá garðinum og áður en framkvæmdir hefjast verður hann merktur á áberandi hátt til að koma í veg fyrir að hann raskist af vangá á framkvæmdatíma. Ef ekki verður komist hjá raski á garðinum og byrginu nærri austurenda hans verður sótt um leyfi Minjastofnunar fyrir slíku raski sbr. 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) og ráðist í þær mótvægisáðgerðir sem Minjastofnun fer fram á.

→ Hlaðinn garður (ST-005:010)

Minjastofnun telur að grafa þurfi könnunarskurði í eftirtaldar fornleifar áður en framkvæmdir hefjast við vegagerðina: Túngarð (ST-005:039), útihús (ST-005:052), tóft (ST-005:059), tóft (ST-005:061_1), varnargarð (ST-005:061_2) og tóft (ST-005:066). Engar sýnilegar minjar eru á yfirborði þar sem talið er að útihús (ST-00:052) hafi staðið. Grafa þarf könnunarskurð á staðnum til að ganga úr skugga um hvort leifar útihússins leynast þar undir sverði og hvor leifar eldri mannvirkja eða mannvistar er að finna á staðnum. Könnunarskurði í garðana þarf að grafa til að kanna byggingarlag þeirra og ef mögulegt er að reyna að fá upplýsingar um aldur þeirra. Könnunarskurðir í tóftirnar gætu gefið upplýsingar um til hvers mannvirkin sem þar stóðu voru notuð, hvenær þau voru reist og hvort undir þeim leynast eldri mannvirki eða mannvistarleifar. Niðurstöður rannsókna gætu leitt til þess að ráðast þurfi í frekari rannsóknir áður en framkvæmdir við vegagerð geta hafist.

Svar Vegagerðarinnar:

Vegagerðin mun fá fornleifafræðing til að grafa könnunarskurði í eftirtaldar fornleifar áður en framkvæmdir hefjast. Könnunarskurðir í garðana verða grafnir til að kanna byggingarlag þeirra og ef mögulegt er, að reyna að fá upplýsingar um aldur þeirra. Könnunarskurðir í tóftirnar verða grafnir til að fá upplýsingar um til hvers mannvirkin sem þar stóðu voru notuð, hvenær þau voru reist og hvort undir þeim leynast eldri mannvirki eða mannvistarleifar. Samráð verður við Minjastofnun Íslands um niðurstöður rannsókna sem gætu leitt til þess að ráðast þurfi í frekari rannsóknir áður en framkvæmdir við vegagerð geta hafist.

→ Túngarður (ST-005:039)

→ Útihús (ST-005:052)

→ Tóft (ST-005:059)

→ Tóft (ST-005:061_1)

→ Varnargarður (ST-005:061_2)

→ Tóft (ST-005:066)

Grafinn verður könnunarskurður á staðnum til að ganga úr skugga um hvort leifar útihússins (ST-00:052) leynist þar undir sverði og hvort leifar eldri mannvirkja eða mannvistar er að finna á staðnum. Samráð verður við Minjastofnun Íslands um niðurstöður rannsókna sem gætu leitt til þess að ráðast þurfi í frekari rannsóknir áður en framkvæmdir við vegagerð geta hafist.

→ Útihús (ST-00:052)

Ein tóft til viðbótar er sunnan við bæjarhól Kjósarbæjarins, útihúsatóft (ST-005:036). Um hana segir í skýrslu Fornleifastofnunar: *Tóft er í Kjósartúni, 20-30 m suður af bæjarrústum 001. Túngarður 039 náði mögulega að tóftinni að austan eða hún byggð ofan á honum. Tún sem hallar mót austri, það er í austurhlíð Leitis. Tóftin er af nokkrum sambyggðum útihúsum, alls 30 m löng frá norðri til suðurs og á bilinu 6-8 m á breidd. Í lýsingu þessari eru útihúsin kölluð hólf. Í suðurhluta tóftarinnar sjást fjögur greinileg hólf, þau í miðjunni eru greinilegust. Allra syðsta hólflið er um 4 x 1 m stórt, opið í austur. Veggir þess eru fremur veigalitlir, gæti hafa verið heygarður. Norðan við það er hólf 2 sem er 3 x 3 m að stærð. Árið 2003 voru hólf 1 og 2 álitin eitt og sama hólflið en hér tálkuð í sitt hvoru lagi. Hólf 3 er norðar og greinileg útihústatóft, 7 m löng og 6 m breidd, snýr með op í austur. Grjóthleðslur sjást að innan og eru veggir veglegir, allt að 1 m á hæð. Innanmálið er um 3 x 2 m. Norðan við hólflið er mikið uppgróið hólf 4, einnig opið í austur, 3 x 7 m að innanmáli frá austri til vesturs. Gróið er yfir grjóthleðslur. Nyrðri helmingur tóftarinnar er siginn og ógreinilegur. Hann líkist einna helst gróskumikilli þúst. Þó sjást tvö hólf þar til viðbótar, það syðra (hólf 5) snýr líkt og öll þau sem áður var lýst, austur-vestur með op í austur. Það er um 6 x 2 m að innanmáli en norðan við það og allra nyrst er mjög grunnt (0,3 m) hólf 6 sem snýr norður-suður, um 6 x 4 m stórt að innanmáli og sjást ekki dyr á því, hugsanlega heygarður. Framkvæmdin mun raska tóftinni. Minjastofnun Íslands telur að grafa þurfi könnunarskurði í tóftina til að reyna að komast að hlutverki hvers hólfs fyrir sig, til að kanna byggingarlag mannvirkisins, til að reyna að fá nánari hugmynd um aldur þess og til að athuga hvort undir mannvirkinu leynist eldri mannvirki eða mannvistaleifar. Niðurstöður rannsóknarinnar gæru leitt til þess að ráðast þurfi í frekari rannsóknir á mannvirkinu áður en framkvæmdir við vegagerð geta hafist.*

Svar Vegagerðarinnar:

Vegagerðin mun fá fornleifafræðing til að grafa könnunarskurði í tóftina til að reyna að komast að hlutverki hvers hólfs fyrir sig, til að kanna byggingarlag mannvirkisins, til að reyna að fá nánari hugmynd um aldur þess og til að athuga hvort undir mannvirkinu leynist eldri mannvirki eða mannvistaleifar. Samráð verður við Minjastofnun Íslands um niðurstöður rannsókna sem gætu leitt til þess að ráðast þurfi í frekari rannsóknir áður en framkvæmdir við vegagerð geta hafist.

→ Útihúsatóft (ST-00:036)

Veglína A mun liggja í gegnum gamla heimatún Kjósarbæjarins og í gegnum Húsatún. Efnistökusvæði S er innan heimatúnsins. Eins og fram kemur í skýrslu Fornleifastofnunar eru talsverðar líkur á að áður óþekktar minjar komi í ljós þegar farið verður í framkvæmdir innan heimatúns Kjósarbæjarins. Minjastofnun telur að fá þurfi fornleifafræðing til að vakta framkvæmdir við vegagerðina á milli stöðva 11260 og 11540. Ef í ljós koma fornleifar þarf að stöðva framkvæmdir á meðan á rannsókn fornleifanna stendur. Annar valkostur er að innan framkvæmdasvæðisins á milli áðurnefndra stöðva verði grafnir könnunarskurðir á þeim stöðum þar sem fornleifafræðingar telja líklegast að fornleifar kunni að leynast undir sverði. Ef í ljós

koma leifar mannvirkja eða mannvistar í skurðunum þarf að kanna þær nánar en það væri hægt að gera áður en framkvæmdir við vegagerðina hefjast.

Svar Vegagerðarinnar:

Vegagerðin mun fá fornleifafræðing til að vakta framkvæmdir við vegagerðina á milli stöðva 11260 og 11540. Ef í ljós koma fornleifar verða framkvæmdir stöðvaðar á meðan á rannsókn fornleifanna stendur. Annar valkostur er að innan framkvæmdasvæðisins á milli áðurnefndra stöðva verði grafnir könnunarskurðir á þeim stöðum þar sem fornleifafræðingar telja líklegast að fornleifar kunni að leynast undir sverði. Ef í ljós koma leifar mannvirkja eða mannvistar í skurðunum verða þær kannaðar nánar í samráði við Minjastofnun Íslands áður en framkvæmdir hefjast.

→ Húsatún milli stöðva 11260-11540

Vakin er athygli á að í Djúpuvík er eitt hús sem nýtur aldursfriðunar skv. 29. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012). Húsið er kallað rannsóknarstofa /verslunarhús í friðlýsingaskrá og var byggt árið 1917.

Nokkrar minjar eru skráðar í nágrenni þorpsins í Djúpuvík. Um er að ræða minjar sem tengjast útgerð og síldarvinnslu á staðnum, landbúnaði og samgöngum.

Minjastofnun Íslands telur að skráning sé fullnægjandi mótvægisáðgerð vegna eftirtalinnna minja: Refagildru (ST-005:050), áletrana/landamerkjia (ST-005: 054, 055, 056 og 057), grunns þvottahúss (ST-005:068_1), húsgrunns (ST-005:068_03) og götu (ST-611:003).

Engin ummerki sjást lengur um refagildruna en hún var í 47 m fjarlægð frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Stafirnir EÓ hafa verið klappaðir í klappir eða steina á fjórum stöðum á svæðinu. Um er að ræða landamerkjasteina sem tengdir eru útgerð Elíasar Stefánssonar. Elías hóf útgerð á staðnum árið 1917 en útgerðin lagðist af árið 1919. Áletrun (ST-055:054) er sögð vera í 2 m fjarlægð frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Tvær áletranir (ST-005:055 og 056) eru á framkvæmdasvæðinu og fjórða áletrunin (ST-005:057) er í 61 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Henni ætti því ekki að stafa hætta af framkvæmdum við vegagerðina. Mögulega mætti einnig forða áletrun (ST-005:054) frá raski ef varlega er farið. Skv. mynd 6.6.2 í umhverfismatsskýrslu virðist hún þó lenda undir fyllingu. Húsgrunnarnir (ST-005:068_1 of 3) eru báðir steinsteyptir og leifar húsa frá því útgerð var stunduð frá Djúpuvík á 20. öld. Húsgrunnur (ST- 005:068_1) er innan framkvæmdasvæðisins en húsgrunnur (ST- 005:068_3) er aðeins í 3 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu og því miklar líkur á að hann raskist. Gatan (ST-611:003) lá frá Kjós og upp á Trékyllisheiði. Gatan var skoðuð innan áhrifasvæðis fyrirhugaðrar vegagerðar. Í fornleifaskráningarskýrslu segir að þar sjáist malarvegur sem liggja að svokallaðri Lyngflöt og upp á Kjósarhalla. Vatnsból (ST-005:068_2) er í 14 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Í fornleifaskráningarskýrslu segir að vatnsból einhverra húsa í Djúpuvík sé í læk uppi í fjallshlíðinni. Það sé enn í notkun. Steyptur kassi eða þró sé í læknum og lélegt lok yfir að hluta. Væntanlega verður komið í veg fyrir að vatnsbólið skemmist vegna framkvæmdanna en til öryggis þyrfti að merkja það á meðan á framkvæmdunum stendur.

Svar Vegagerðarinnar:

Í útboðsgögnum verður greint frá eftirfarandi minjastöðum og áður en framkvæmdir hefjast verða þeir merktir á áberandi hátt til að koma í veg fyrir að þeir raskist af vangá á framkvæmdatíma:

- Vatnsból (ST-005:068_2)
- Áletrun (ST-005:054)

Stekkur (ST-005:053) lendir undir nýja veginum. Í skýrslu Fornleifastofnunar er stekknunum lýst: *Tóft er á grónu svæði milli brattrar fjallshlíðar til austurs og grýttis farvegs Djúpuvíkurár til vesturs. Strandavegur 643 er fast austan og sunnan við tóftina, þar sem hann sveigir að brú yfir ána. Samkvæmt Sæmundi Pálssyni, heimildamanni, er þetta stekkur sem er getið í landamerkjabréfi milli bújarðarinnar Kjósar og útgerðarinnar í Djúpuvík árið 1916 eða þar um bil. Í bréfinu er talað um fornan stekk að hans sögn. Stekkurinn er um 1,3 km austan við bæ 001 og 30 m austan við Síldarbræðsluna. Áletrun 054 er vestan í steininum. Stekkurinn er fast norðan og austan við stóran, jarðfastan stein. Tóftin er 6 x 4 m að stærð, snýr austurvestur og er einföld. Veggirnir sjást ekki að utan sem bendir til þess að tóftin sé niðurgrafin að hluta. Innan í tóftinni er algróinn kantur, 0,3 - 0,4 m á hæð og brattur. Ekkert op sést inn í stekkin en líklega var það til suðurs. Eins og fram kemur í lýsingunni ríkir óvissa um aldur stekksins, gerð veggja og lag hans, t.d. hvar gengið var inn í hann. Minjastofnun Íslands telur að taka þurfi gróðurlag ofan af stekknunum, mæla hann upp og teikna, til að reyna að fá skýrari mynd af byggingarlagi og aldri stekksins.*

Svar Vegagerðarinnar:

Vegagerðin mun fá fornleifafræðing til að taka gróðurlag ofan af stekknunum, mæla hann upp og teikna, til að reyna að fá skýrari mynd af byggingarlagi og aldri stekksins. Samráð verður við Minjastofnun Íslands um niðurstöður rannsóknanna sem gætu leitt til þess að ráðast þurfi í frekari rannsóknir áður en framkvæmdir við vegagerð geta hafist.

- Stekkur (ST-00:053)

Varnargarður (ST-005:058) er innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Garðinum er þannig lýst í fornleifaskráningarskýrslu: *Fast vestan við læk sem sameinast Djúpuvíkurá skammt norðar, er grjóthlaðið garðlag. Þetta er að öllum líkindum varnar- eða landamerkjagarður en við stofnun útgerðar HF. Eggerts Ólafssonar um 1916 var áin færð nær fjallinu. Garðlagið gæti verið hluti af þeirri framkvæmd að sögn Sæmundar Pálssonar, heimildamanns. Garðurinn liggur til norðausturs frá áletrun 056 og fjarar út fljótlega í farvegi lækjarins. Garðlagið er á grónu svæði milli malarvegar til vesturs og lækjar til austurs. Farvegur lækjarins er ekki djúpur en grýttur. Garðlagið er tæplega 40 m langt og liggur norðaustur-suðvestur, vestan við lækinn. Það er grjóthlaðið, 1 - 1,3 m á hæð og 4 - 8 umför af grjóti eru greinileg. Garðlagið er 1-3 m á breidd og víða er rof. Minjastofnun telur skráningu varnargarðsins fullnægjandi mótvægisáðgerð.*

Eftirfarandi er umfjöllun um minjar á og í nágrenni framkvæmdasvæðisins sem ekki eru innan minjasvæðanna tveggja við Kjósarbæinn og þorpið í Djúpuvík.

Mógrafir (ST-005:013). Í fornleifaskráningarskýrslu segir að mógrafirnar séu um 490 m ASA við Kjósarbæ 001 og rúmum 410 m austan við Kindarvað 003. Þá

segir: Mógrafirnar eru á svæði sem er 150 x 40 m að stærð og snýr nálega ANA-VSV. Suðurhluti mógrafanna er utan við mörk deiliskipulagssvæðisins sem tekið var út 2020. Erfitt er að meta fjölda grafa innan svæðis vegna stærðar en þær skipta líklega tugum. Grafirnar eru samansignar en vatn stendur í þeim á flestum stöðum. Flestar eru ferhyrndar, um 5 x 5 að stærð. Þær virðast um 0,4-0,6 m djúpar, en sums staðar eru þær grynri, 0,2-0,4 m. Í umhverfismatsskýrslu segir að mógrafirnar séu í 42 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Minjastofnun telur að gera þurfi verktökum grein fyrir staðsetningu mógrafanna til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá á meðan á framkvæmdum stendur.

Beitarhús (ST-005:015). Í skýrslu Fornleifastofnunar segir að tóft beitarhúsa sé tæpa 2,5 km norðaustur af bæ 001 og 225 m suðvestan við naust 038, austan Djúpuvíkur en vestan Kleifarár. Þarna sé sjávarbakki undir brattri brekku, grýttri en hálfgróinni mosa og lyngi. Frá tóftinni séu um 5 m að sjávarkambinum. Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að tóftin sé 18 m frá framkvæmdasvæðinu. Minjastofnun telur að merkja þurfi tóftina á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Sel (ST-005:037). Engar greinilegar tóftir sels eru sjáanlegar á svæðinu þar sem leitað var. Í fornleifaskráningarskýrslu segir að iðagrænt lítið nes sé 50 m austan við Hvammsgil. Þar sjáist engar tóftir en nesið skeri sig úr sökum grænku. Svæðið sé alls rúmlega 30 x 30 m stórt. Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að svæðið sé 21 m frá framkvæmdasvæðinu. Minjastofnun telur að gera þurfi verktökum grein fyrir að mögulega séu minjar undir sverði á nesinu til að koma í veg fyrir rask þar á meðan á framkvæmdum stendur.

Svar Vegagerðarinnar:

Í útboðsgögnum verður greint frá eftirfarandi minjastöðum og áður en framkvæmdir hefjast verða þeir merktir á áberandi hátt til að koma í veg fyrir að þeir raskist af vangá á framkvæmdatíma:

- Mógrafir (ST-005:013)
- Beitarhús (ST-005:015)
- Sel (ST-005:037)

Tóft (ST-005:038). Eftirfarandi er úr skýrslu Fornleifastofnunar: Greinileg tóft er í sunnanverðum Reykjarfirði, tæpa 3 km austan af bæ 001 og 230 m austur af Beitarhúsagrund 015. Tóftin er við sjó, á mjórri undirlendisræmu en snarbrattar hlíðar eru upp af henni. Tóftin er greinilega af nausti, byggð upp við iðagrænan og kúptan hól sem í eru klettur. Hún er austan við hólinn, einföld og aflöng, alls um 6 m löng en 1 m breið að innanmáli. Hlaðið er með austur- og suðurhlíð en hólinn skýlir að vestanverðu. Hleðslan, sem er algróin og sigin, er um 1,5 m breið en 0,4 m há. Leifar af timbri, líklega hvolftrjám, liggja þversum á tveimur stöðum inni í tóftinni. Lending virðist ágæt framan við tóftina, markast af lítilli klettasnös að vestanverðu.

Í töflu 6.6.1 í umhverfismatsskýrslu kemur fram að tóftin sé 24 m frá framkvæmdasvæðinu. Minjastofnun telur að merkja þurfi tóftina á meðan á framkvæmdum stendur. Á mynd 6.6.1 í umhverfismatsskýrslu er efnistökusvæði T afmarkað. Tóft (ST-005:038) lendir innan afmörkunarinnar. Mikilvægt er að raunveruleg mörk efnistökusvæðisins nái ekki að tóftinni. Minnt skal á að í 22. gr. laga um menningarminjar segir að umhverfis fornleifar skal vera 15 m friðhelgað

svæði nema annað sé ákveðið. Ef ekki verður komist hjá raski á tóftinni þarf að sækja um leyfi Minjastofnunar fyrir slíku raski sbr. 21. gr. laga um menningarminjar (Nr.80/2012). Stofnunin mun þá ákveða til hvaða mótvægisáðgerða skuli gripið.

Svar Vegagerðarinnar:

Stefnt er að því að neðangreindum minjastað verði ekki raskað. Í útboðsgögnum verður greint frá honum og áður en framkvæmdir hefjast verður hann merktur á áberandi hátt til að koma í veg fyrir að hann raskist af vangá á framkvæmdatíma. Ef ekki verður komist hjá raski á tóftinni verður sótt um leyfi Minjastofnunar fyrir slíku raski sbr. 21. gr. laga um menningarminjar (nr. 80/2012) og ráðist í þær mótvægisáðgerðir sem Minjastofnun fer fram á.

→ Tóft (ST-005:038).

Mógrafir (ST-005:043). Í fornleifaskráningarskýrslu segir að óljóst mógrafasvæði sé um 400 m austan við bæ 001 og 60 m norðaustan við mógrafir 013. Norðvestan við svæðið sé önnur mýri sem gæti hugsanlega einnig verið mógrafir. Heildarstærð mógrafasvæðanna sé 130 x 30 m. Veglína A liggur í gegnum mógrafasvæðið. Minjastofnun telur skráningu svæðisins fullnægjandi mótvægisáðgerð.

Varða (ST-005:060). Um vörðuna segir í skýrslu Fornleifastofnunar: *Sæmilega hlaðin varða er rétt vestan við Kleifaró, um 3,3 km ANA við Kjósarbæ 001 og tæpum 260 m norðan við Strandaveg 643. Varðan er á bjargbrún við Forvaðarhlíð og þaðan er víðsýnt út í Reykjarfjörð. Varðan er 0,6 m á hæð og um 1 m á hvorn veg... Ekki er ljóst um hlutverk vörðunnar en staðsetning bendir til þess að hún hafi verið byggð fyrir sjófarendur, annað hvort sem mið til þess að finna fiskimið eða fyrir siglingu að landi. Varðan er innan framkvæmdasvæðisins og mun því hverfa. Minjastofnun telur skráningu vörðunnar fullnægjandi mótvægisáðgerð.*

Mógrafir (ST-005:070). Í skýrslu Fornleifastofnunar segir að mógrafirnar séu á flatlendi uppi á Kjósarhöfða. Þær eru um 720 m norðaustan við bæ 001 og 400 m vestan við þorpið í Djúpuvík. Mógrafirnar eru 120 m frá framkvæmdasvæðinu og þeim ætti því ekki að stafa hættu af framkvæmdum innan þess. Minjastofnun telur skráningu mógrafanna fullnægjandi mótvægisáðgerð.

Veglína 705.

Í umhverfismatsskýrslu segir að engar rannsóknir hafi verið gerðar á veglínu 705 á 2,5 km kafla þar sem hún víkur frá veglínu A. Ef veglína 705 verði fyrir valinu sem valkostur þurfi því að ráðast í rannsókn á fornleifum og gróðurfari áður en framkvæmdir hefjast. Í skýrslunni er þó gerð grein fyrir áhrifum veglínunnar á nokkrar fornleifar sem skráðar voru vegna veglínu A en eru einnig í eða í nágrenni veglínu 705.

Nátthagi (ST-004:018), sjá umfjöllun hér að ofan, er í 300 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði veglínu 705 og ætti því ekki að stafa hættu af framkvæmdum við veglínuna. Minjastofnun telur skráningu nátthagans fullnægjandi mótvægisáðgerð.

Beitarhús (ST-005:015). Í fornleifaskráningarskýrslu segir: *“Beitarhús voru rétt innan við Hvammsgil. Þar var dálítill grund, sem gerð var að túni. Hún var kölluð*

Beitarhúsagrund,” segir í örnefnalýsingu. Tóft beitarhúsanna er tæpa 2,5 km norðaustur af bæ 001 og 225 m suðvestan við naust 038, austan Djúpuvíkur en vestan Kleifarár. Sjávarbakki undir brattri brekku, grýttir en hálfgróinni mosa og lyngi. Frá tóftinni eru um 5 m að sjávarkambinum. Lækur rennur um 20 m austan við húsinn. Tóftin er 12,5x6 m á stærð og skiptist í tvö hólf, fjárhús og hlöðu. Fjárhúsið snýr nálega norðursuður og er hlaðan þvert á suðurvegg fjárhússins og snýr hún austur-vestur. Opið er á milli hólfanna og eru dyr á fjárhúsinu í norður. Tóftarveggirnir standa vel, hlaðnir úr hellum. Hlaðan gengur alveg upp að brekkunni ofan við. Veggir eru um 1,5 m þykkir og hæð víðast hvar um 1 m. Þak hefur verið úr rekaviði og sjást leifar af því innan veggja. Inn í fjárhústóftinni er garði hlaðinn úr torfi og grjóti, 6 x 1 m á stærð og 0,4 m á hæð. Vesturlangveggur hefur raskast fremst, hugsanlega vegna ágangs sjávar. Í töflu 6.6.1 í umhverfismatsskýrslu kemur fram að tóftin sé innan framkvæmdasvæðisins en í töflu 6.6.2 að hún sé 6 m frá framkvæmdasvæðinu. Ef tóftin er utan framkvæmdasvæðisins mætti mögulega koma í veg fyrir að hún raskist með því að girða hana af á meðan á framkvæmdum við veginn stendur. Ef ekki verður komist hjá raski á tóftinni þarf að sækja um leyfi Minjastofnunar fyrir slíku raski sbr. 21. gr. laga um menningarminjar (Nr.80/2012). Stofnunin mun þá ákveða til hvaða mótvægisáðgerða skuli gripið.

Svar Vegagerðarinnar:

Í útboðsgögnum verður greint frá eftirfarandi minjastað og áður en framkvæmdir hefjast verður hann merktur á áberandi hátt til að koma í veg fyrir að hann raskist af vangá á framkvæmdatíma. Ef ekki verður komist hjá raski á tóftinni verður sótt um leyfi Minjastofnunar fyrir slíku raski sbr. 21. gr. laga um menningarminjar (nr. 80/2012) og ráðist í þær mótvægisáðgerðir sem Minjastofnun fer fram á.

→ Beitarhús (ST-005:015)

Sel (ST-005:037). Í fornleifaskráningarskýrslu segir: “Rústir af Seli voru utan við Hvammsgil. Hluti af þeim var úr grjóti og nefndur Byrgi. Með sjónum, utan við Selið, tekur við Forvaðahlíð, brött og stórgrýtt, en ágætt beitiland. Nær hún alla leið út að Kleifará, sem er landamerki milli Kjósar og Kúvíkna,” segir í örnefnalýsingu. Hvammsgil er skammt utan eða austan við Beitarhúsagrund 015, um 2,6 km ANA af bæ 001. Í deiliskráningu 2020 fannst selið ekki og hið sama var uppi á teningnum við aðalskráningu 2003. Svæðið sem kemur til greina er um 2,6 km norðaustan við bæ 001 og 100 m norðaustan við beitarhúsatóft 015. Á stóru svæði austan og vestan við Hvammsgil eru snarbrattar hlíðar næstum niður í sjó en einungis mjó undirlendisræma ofan við fjörukambinn, mest um 20 m breið. Engar greinilegar tóftir eru sjáanlegar utan við Hvammsgil, nema naust 038. Þó er iðagrænt, lítið nes 50 m austan við Hvammsgil. Þar sjást engar tóftir en nesið sker sig úr sökum grænku. Svæðið er alls rúmlega 30 x 30 m stórt. Upp í það norðanvert gengur dálítill dæld frá sjó til suðurs, um 10 m löng og 5 m breið, líklega náttúruleg. Mjög hæpið er að selrústir leynist ofar í hlíðinni, enda er hún snarbrött og nánast enginn gróður þar. Staðurinn þar sem selið er talið hafa verið er innan framkvæmdasvæðisins. Minjastofnun telur að grafa þurfi könnunarskurði á svæðinu til að ganga úr skugga um hvort sel var á svæðinu sem fjallað er um í textanum hér að ofan. Niðurstaða rannsóknarinnar kann að leiða til þess að ráðast þurfi í frekari rannsóknir á staðnum.

Svar Vegagerðarinnar:

Vegagerðin mun fá fornleifafræðing til að grafa könnunarskurði á neðangreindu svæði áður en framkvæmdir hefjast til að ganga úr skugga um hvort sel var á svæðinu. Samráð verður við Minjastofnun Íslands um niðurstöður rannsókna sem gætu leitt til þess að ráðast þurfi í frekari rannsóknir áður en framkvæmdir við vegagerð geta hafist.

→ Sel (ST-005:037)

Tóft (ST-005:038), sjá lýsingu hér að ofan. Í töflu 6.6.1 í umhverfismatsskýrslu kemur fram að tóftin sé 67 m frá framkvæmdasvæðinu. Minjastofnun telur að merkja þurfi tóftina á meðan á framkvæmdum stendur. Á mynd 6.6.1 í umhverfismatsskýrslu er efnistökusvæði T afmarkað. Tóft (ST-005:038) lendir innan afmörkunarinnar. Mikilvægt er að raunveruleg mörk efnistökusvæðisins nái ekki að tóftinni. Minnt skal á að í 22. gr. laga um menningarminjar segir að umhverfis fornleifar skal vera 15 m friðhelgað svæði nema annað sé ákveðið. Ef ekki verður komist hjá raski á tóftinni þarf að sækja um leyfi Minjastofnunar fyrir slíku raski sbr. 21. gr. laga um menningarminjar (Nr.80/2012). Stofnunin mun þá ákveða til hvaða mótvægisáðgerða skuli gripið.

Svar Vegagerðarinnar:

Stefnt er að því að neðangreindum minjastað verði ekki raskað. Í útboðsgögnum verður greint frá honum og áður en framkvæmdir hefjast verður hann merktur á áberandi hátt til að koma í veg fyrir að hann raskist af vangá á framkvæmdatíma. Ef ekki verður komist hjá raski á tóftinni verður sótt um leyfi Minjastofnunar fyrir slíku raski sbr. 21. gr. laga um menningarminjar (nr. 80/2012) og ráðist í þær mótvægisáðgerðir sem Minjastofnun fer fram á.

→ Tóft (ST-005:038)

Varða (ST-005:060), sjá umfjöllun hér að ofan, er í 170 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði veglínu 705. Vörðunni ætti því ekki að stafa hætta af framkvæmdum við veglínuna. Minjastofnun telur skráningu vörðunnar fullnægjandi mótvægisáðgerð vegna veglínu 705.

Efnistaka.

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að efni til vegagerðarinnar verði fengið úr skeringum á svæðinu. Efnismagn sem fáið úr skeringum vegna Veglínu A sé meira en þarf til vegagerðarinnar. Þá segir að vegna veglínu 705 þurfi að víkka skeringar til að uppfylla efnispörf. Ekki verði ákveðið hvaða skeringar henta best til þess fyrr en að loknum efnisrannsóknum.

Ekki er fjallað sérstaklega um áhrif efnistöku á fornleifar í fornleifaskráningarskýrslu né umhverfismatsskýrslu. Að öllum líkindum hefur athugunarsvæði fornleifa þó náð yfir stærstan hluta efnistökusvæðanna sem fjallað er um í umhverfismatsskýrslu.

Á mynd 6.6.1 í umhverfismatsskýrslu sést að tóft/naust (ST-005:038) er við norðvesturjaðar námu T. Fjallað var um áhrif efnistökkunnar á tóftina hér að ofan.

Á sömu mynd sést að varða (ST-005:060) er í norðurjaðri efnistökusvæðis M. Varðan mun væntanlega hverfa vegna vegagerðar eins og fjallað hefur verið um hér að ofan.

Afmörkun efnistökusvæðis K er sýnd á sömu mynd (6.6.1) í umhverfismatsskýrslu. Náttthagi (ST-004:018) er í norðurjaðri svæðisins. Í umfjöllun hér að ofan um lagningu veglínu A í nágrenni náttthagans kemur fram að á mynd 6.6.1 sést að náttthaginn (ST- 004:018) er þétt upp við skeringu milli stöðva 7100 og 7200. Minjastofnun telur að reyna ætti að varðveita náttthagan ef mögulegt er, t.d. með því að minnka skeringuna við hann og með því að girða hann af á meðan á framkvæmdum stendur. Ef ekki verður komist hjá raski á náttthaganum þarf að sækja um leyfi Minjastofnunar fyrir slíku raski sbr. 21. gr. laga um menningarminjar (Nr.80/2012). Stofnunin mun þá ákveða til hvaða mótvægisáðgerða skuli gripið. Sama á við um efnistökusvæðið sem er innan skeringarsvæðisins á þessum stað.

Svar Vegagerðarinnar:

Eins og fram kemur hér framur þá verður við fullnaðarhönnun vegarins reynt að varðveita náttthagann og girða hann af og merkja vel á meðan framkvæmdum stendur. Ef ekki verður komist hjá raski á náttthaganum verður sótt um leyfi Minjastofnunar fyrir slíku raski sbr. 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) og ráðist í þær mótvægisáðgerðir sem Minjastofnun fer fram á.

→ Náttthagi (ST-004:018)

Staðsetning fornleifar og efnistökusvæða er sýnd á mynd 3.3 í teikningahefti sem fylgir umhverfismatsskýrslu. Hlutföllin á myndinni eru þannig að erfitt er að gera sér grein fyrir nákvæmri staðsetningu fornleifa eða nákvæmu umfangi efnistökusvæðanna. Þó virðist mega áætla að legstaður/þjóðsaga (ST-003:022) liggi í jaðri svæðis A, mógrafir (ST-005:013) liggi í jaðri svæðis O, mógrafir (ST-005:043) liggi í jaðri svæðis P og að vegur (ST-661:001) liggi innan svæðis E. Minjastofnun telur að gera þurfi grein fyrir hvort efnistaka á þessum svæðum muni hafa áhrif á fornleifar umfram það sem fyrirhuguð vegagerð hefur og fjallað hefur verið um hér að framan.

Svar Vegagerðarinnar:

Í umhverfismatsskýrslunni eru útlínur efnistökusvæða grófar. Vegna veglínu A er stefnt að því að taka ekki efni úr námum umfram það sem þarf vegna skeringa. Vegna veglínu 705 þarf að víkka út einhverjar skeringar til að uppfylla efnispörf. Ekki verður ákveðið hvaða skeringar henta best til þess fyrr en að loknum efnisrannsóknum við fullnaðarhönnun vegarins. Við þá ákvörðun verður einnig horft til þess að raska ekki þeim fornleifum sem hér eru taldar upp. Ef ekki verður komist hjá raski á þeim verður sótt um leyfi Minjastofnunar fyrir slíku raski sbr. 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) og ráðist í þær mótvægisáðgerðir sem Minjastofnun fer fram á.

→ Legstaður/þjóðsaga (ST-003:022) sem liggur í jaðri svæðis A

→ Mógrafir (ST-005:013) sem liggja í jaðri svæðis O

- Mógrafir (ST-005:043) sem liggja í jaðri svæðis P
- Vegur (ST-661:001) sem liggur innan svæðis E

Í kafla 9 í umhverfismatsskýrslu er fjallað um niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum. Þar segir m.a.: *Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 njóta allar fornleifar á Íslandi verndar. Við framkvæmdina verður fornleifum raskað. Niðurstaða Vegagerðarinnar er að framkvæmdin hafi talverð neikvæð áhrif á fornleifar. Vegagerðin ítrekar að á síðari stigum við undirbúning framkvæmdarinnar, þegar val á veglínu hefur farið fram og svæði undir vinnubúðir, efnistöku og efnisgeymslu hafa verið skilgreind, verður fornleifafraeðingur fenginn til að kanna svæðin með tilliti til fornminja ef þau verða utan úttektarsvæðisins sem rannsakað var 2020. Það mun einnig eiga við ef aðrir þættir framkvæmdarinnar breytast.* Minjastofnun minnir á að ef ráðist verður í frekari skráningu fornleifa vegna þeirra þátta sem hér voru taldir upp þarf að kynna skráninguna og breytingar á framkvæmdinni fyrir stofnunina sem þá tekur afstöðu til hvort og þá til hvaða mótvægisáðgerða skuli gripið vegna þeirra.

Svar Vegagerðarinnar:

Þegar val á veglínu hefur farið fram og svæði undir vinnubúðir, efnistöku og efnisgeymslu hafa verið skilgreind, verður fornleifafraeðingur fenginn til að kanna svæðin með tilliti til fornminja ef þau verða utan úttektarsvæðisins sem rannsakað var 2020. Það mun einnig eiga við ef aðrir þættir framkvæmdarinnar breytast. Áður en ráðist verður í frekari skráningu fornleifa verður skráningin og breytingar á framkvæmdinni kynnt fyrir Minjastofnun og farið eftir leiðbeiningum stofnunarinnar um til hvaða mótvægisáðgerða skuli gripa.

Minjastofnun gerir ekki frekari athugasemdir við mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

4.2 Svar Vegagerðarinnar við umsögn Minjastofnunar Íslands

Við fullnaðarhönnun framkvæmdarinnar verður farið eftir þeim leiðbeiningum sem koma fram í umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 7. desember 2022.

Veidileysa

Veglínan í hárnálabeygjunni var færð vegna hættu á snjósöfnun á veg. Í útboðsgögnum verður verktaka gerð grein fyrir staðsetningu eftirfarandi fornleifa til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá á framkvæmdatíma:

- Mógrafir (ST-003:009)
- Varða (ST-003:056)
- Varða (ST-003:057)

Við fullnaðarhönnun vegarins verður reynt að varðveita vörðu ST-003:035 og merkja hana vel á meðan framkvæmdum stendur. Ef ekki verður komist hjá raski á vörðunni verður sótt um leyfi Minjastofnunar fyrir slíku raski sbr. 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012).

- Varða (ST-003:035)

Við fullnaðarhönnun vegarins verður reynt að varðveita nátthaga ST-004:018 og girða hann af og merkja vel á meðan framkvæmdum stendur. Ef ekki verður komist hjá raski á nátthagaganum verður sótt um leyfi Minjastofnunar fyrir slíku raski sbr. 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) og ráðist í þær mótvægisáðgerðir sem Minjastofnun fer fram á.

- Nátthaggi (ST-004:018)

Í útboðsgögnum verður verktaka gerð grein fyrir staðsetningu eftirfarandi minjastaðar til að koma í veg fyrir að hann raskist af vangá á framkvæmdatíma:

- Leið (ST-611:002)

Kjós

Áður en framkvæmdir hefjast verða eftirfarandi minjastaðir girtir af á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að þeir raskist af vangá á framkvæmdatíma:

- Bæjarhóll (ST-005:001_1)
- Kálgarður (ST-005:001_2)
- Stórupúfur (ST-005:011)

Í útboðsgögnum verður verktaka gerð grein fyrir staðsetningu eftirfarandi minjastaða til að koma í veg fyrir að þeir raskist af vangá á framkvæmdatíma:

- Kvíar (ST- 005:008)
- Skotbyrgi (ST-005:009)
- Tóft (ST-005:041)
- Tóft (ST- 005:042)

Í útboðsgögnum verður greint frá eftirfarandi minjastöðum og áður en framkvæmdir hefjast verða þeir merktir á áberandi hátt til að koma í veg fyrir að þeir raskist af vangá á framkvæmdatíma:

- Öskuhaugur (ST-005:002)
- Fjósflöt (ST- 005:004)
- Tóft (ST-005:005)

- Túngarður (ST-005:016)
- Tóft (ST-005:035)
- Brunnur (ST-005:067)
- Tóft (ST-005:069).

Við fullnaðarhönnun vegarins verður reynt að varðveita hlaðinn garð ST-005:010 og byrgi nærri austurenda hans. Í útboðsgögnum verður greint frá garðinum og áður en framkvæmdir hefjast verður hann merktur á áberandi hátt til að koma í veg fyrir að hann raskist af vangá á framkvæmdatíma. Ef ekki verður komist hjá raski á garðinum og byrginu nærri austurenda hans verður sótt um leyfi Minjastofnunar fyrir slíku raski sbr. 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) og ráðist í þær mótvægisáðgerðir sem Minjastofnun fer fram á.

- Hlaðinn garður (ST-005:010)

Vegagerðin mun fá fornleifafræðing til að grafa könnunarskurði í eftirtaldar fornleifar áður en framkvæmdir hefjast. Könnunarskurðir í garðana verða grafnir til að kanna byggingarlag þeirra og ef mögulegt er, að reyna að fá upplýsingar um aldur þeirra. Könnunarskurðir í tóftirnar verða grafnir til að fá upplýsingar um til hvers mannvirkin sem þar stóðu voru notuð, hvenær þau voru reist og hvort undir þeim leynast eldri mannvirki eða mannvistarleifar. Samráð verður við Minjastofnun Íslands um niðurstöður rannsóknanna sem gætu leitt til þess að ráðast þurfi í frekari rannsóknir áður en framkvæmdir við vegagerð geta hafist.

- Túngarður (ST-005:039)
- Útihús (ST-005:052)
- Tóft (ST-005:059)
- Tóft (ST-005:061_1)
- Varnargarður (ST-005:061_2)
- Tóft (ST-005:066)

Grafinn verður könnunarskurður á staðnum til að ganga úr skugga um hvort leifar útihússins (ST-00:052) leynist þar undir sverði og hvor leifar eldri mannvirkja eða mannvistar er að finna á staðnum. Samráð verður við Minjastofnun Íslands um niðurstöður rannsóknanna sem gætu leitt til þess að ráðast þurfi í frekari rannsóknir áður en framkvæmdir við vegagerð geta hafist.

- Útihús (ST-00:052)

Vegagerðin mun fá fornleifafræðing til að grafa könnunarskurði í útihúsatóft ST-00:036 til að reyna að komast að hlutverki hvers hólfs fyrir sig, til að kanna byggingarlag mannvirkisins, til að reyna að fá nánari hugmynd um aldur þess og til að athuga hvort undir mannvirkinu leynist eldri mannvirki eða mannvistaleifar. Samráð verður við Minjastofnun Íslands um niðurstöður rannsóknanna sem gætu leitt til þess að ráðast þurfi í frekari rannsóknir áður en framkvæmdir við vegagerð geta hafist.

→ Útihúsatóft (ST-00:036)

Vegagerðin mun fá fornleifafræðing til að vakta framkvæmdir við vegagerðina á milli stöðva 11260 og 11540. Ef í ljós koma fornleifar verða framkvæmdir stöðvaðar á meðan á rannsókn fornleifanna stendur. Annar valkostur er að innan framkvæmdasvæðisins á milli áðurnefndra stöðva verði grafnir könnunarskurðir á þeim stöðum þar sem fornleifafræðingar telja líklegast að fornleifar kunni að leynast undir sverði. Ef í ljós koma leifar mannvirkja eða mannvistar í skurðunum verða þær kannaðar nánar í samráði við Minjastofnun Íslands áður en framkvæmdir hefjast.

→ Húsatún milli stöðva 11260-11540

Í útboðsgögnum verður greint frá eftirfarandi minjastöðum og áður en framkvæmdir hefjast verða þeir merktir á áberandi hátt til að koma í veg fyrir að þeir raskist af vangá á framkvæmdatíma:

→ Vatnsból (ST-005:068_2)

→ Áletrun (ST-005:054)

Vegagerðin mun fá fornleifafræðing til að taka gróðurlag ofan af stekk ST-00:053, mæla hann upp og teikna, til að reyna að fá skýrari mynd af byggingarlagi og aldri stekksins. Samráð verður við Minjastofnun Íslands um niðurstöður rannsóknanna sem gætu leitt til þess að ráðast þurfi í frekari rannsóknir áður en framkvæmdir við vegagerð geta hafist.

→ Stekkur (ST-00:053)

Í útboðsgögnum verður greint frá eftirfarandi minjastöðum og áður en framkvæmdir hefjast verða þeir merktir á áberandi hátt til að koma í veg fyrir að þeir raskist af vangá á framkvæmdatíma:

→ Mógrafir (ST-005:013)

→ Beitarhús (ST-005:015)

→ Sel (ST-005:037)

Stefnt er að því að neðangreindum minjastað verði ekki raskað. Í útboðsgögnum verður greint frá honum og áður en framkvæmdir hefjast verður hann merktur á áberandi hátt til að koma í veg fyrir að hann raskist af vangá á framkvæmdatíma. Ef ekki verður komist hjá raski á tóftinni verður sótt um leyfi Minjastofnunar fyrir slíku raski sbr. 21. gr. laga um menningarminjar (nr. 80/2012) og ráðist í þær mótvægisáðgerðir sem Minjastofnun fer fram á.

→ Tóft (ST-005:038)

Veglína 705

Í útboðsgögnum verður greint frá neðangreindum minjastað og áður en framkvæmdir hefjast verður hann merktur á áberandi hátt til að koma í veg fyrir að hann raskist af vangá á framkvæmdatíma. Ef ekki verður komist hjá raski á tóftinni verður sótt um leyfi Minjastofnunar fyrir slíku raski sbr. 21. gr. laga um

menningarminjar (nr. 80/2012) og ráðist í þær mótvægisáðgerðir sem Minjastofnun fer fram á.

→ Beitarhús (ST-005:015)

Vegagerðin mun fá fornleifafræðing til að grafa könnunarskurði á neðangreindu svæði áður en framkvæmdir hefjast til að ganga úr skugga um hvort sel var á svæðinu. Samráð verður við Minjastofnun Íslands um niðurstöður rannsókna sem gætu leitt til þess að ráðast þurfi í frekari rannsóknir áður en framkvæmdir við vegagerð geta hafist.

→ Sel (ST-005:037)

Stefnt er að því að neðangreindum minjastað verði ekki raskað. Í útboðsgögnum verður greint frá honum og áður en framkvæmdir hefjast verður hann merktur á áberandi hátt til að koma í veg fyrir að hann raskist af vangá á framkvæmdatíma. Ef ekki verður komist hjá raski á tóftinni verður sótt um leyfi Minjastofnunar fyrir slíku raski sbr. 21. gr. laga um menningarminjar (Nr.80/2012) og ráðist í þær mótvægisáðgerðir sem Minjastofnun fer fram á.

→ Tóft (ST-005:038)

Efnistaka

Eins og fram kemur hér framur þá verður við fullnaðarhönnun vegarins reynt að varðveita nátthaga ST-004:018 og girða hann af og merkja vel á meðan framkvæmdum stendur. Ef ekki verður komist hjá raski á nátthagnum verður sótt um leyfi Minjastofnunar fyrir slíku raski sbr. 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) og ráðist í þær mótvægisáðgerðir sem Minjastofnun fer fram á.

→ Nátthagi (ST-004:018)

Í umhverfismatsskýrslunni eru útlínur efnistökusvæða grófar. Vegna veglínu A er stefnt að því taka ekki efni úr námum umfram það sem þarf vegna skeringa. Vegna veglínu 705 þarf að víkka út einhverjar skeringar til að uppfylla efnispörf. Ekki verður ákveðið hvaða skeringar henta best til þess fyrir en að loknum efnisrannsóknum við fullnaðarhönnun vegarins. Við þá ákvörðun verður einnig horft til þess að raska ekki þeim fornleifum sem hér eru taldar upp. Ef ekki verður komist hjá raski á þeim verður sótt um leyfi Minjastofnunar fyrir slíku raski sbr. 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) og ráðist í þær mótvægisáðgerðir sem Minjastofnun fer fram á.

→ Legstaður/þjóðsaga (ST-003:022) sem liggur í jaðri svæðis A

→ Mógrafir (ST-005:013) sem liggja í jaðri svæðis O

→ Mógrafir (ST-005:043) sem liggja í jaðri svæðis P

→ Vegur (ST-661:001) sem liggur innan svæðis E

Lokaorð

Þegar val á veglínu hefur farið fram og svæði undir vinnubúðir, efnistöku og efnisgeymslu hafa verið skilgreind, verður fornleifafræðingur fenginn til að kanna svæðin með tilliti til fornminja ef þau verða utan úttektarsvæðisins sem rannsakað var 2020. Það mun einnig eiga við ef aðrir þættir framkvæmdarinnar breytast. Áður

en ráðist verður í frekari skráningu fornleifa verður skráningin og breytingar á framkvæmdinni kynnt fyrir Minjastofnun og farið eftir leiðbeiningum stofnunarinnar um til hvaða mótvægisaðgerða skuli grípa.

5 Umhverfisstofnun

5.1 Umsögn Umhverfisstofnunar dags. 8. desember 2022

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 1. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif umræddrar framkvæmdar felist í lagningu nýs vegar um Veidileysuháls. Ef hægt á að vera að leggja þarna veg sem uppfyllir nánast algerlega nútíma kröfur verður að ráðast í gríðarmikla framkvæmd þar sem taka verður miklar skeringar til að ná veginum í ásættanlegan halla með miklum fyllingum. Óljóst er hvaða ávinningur felst í því að fara með veginn í þessa hæð og bratta. Ef það er vegna styttingar þá er sú stytting dýru verði keypt. Umhverfisstofnun telur að skoða eigi betur veglínu 602 sem liggur lægra í landi og unnt á að vera að leggja þarna veg með mun minni aðgerðum en þeim sem fylgja vegagerð um Veidileysuháls.

Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif umræddrar framkvæmdar eru einmitt vegna mjög mikilla skeringa og fyllinga sem að mati Umhverfisstofnunar gætu svo auðveldlega orðið lýti í landinu þar sem erfitt er að aðlaga svo miklar skeringar að landi.

Að vísu er veglína 602 lengri en valkostur Vegagerðarinnar. Þar þyrfti þó ekki að vera jafn mikið inngrip í landslagið og vegur ofar á hálsinum.

Umhverfisstofnun telur að stundum sé freistast til að leggja nýja vegi í eða sem næst vegstæði eldri vega. Sú virðist raunin hér. Umhverfisstofnun telur að svo umfangsmiklar framkvæmdir á þessu svæði séu í ósamræmi við önnur mannvirki og byggð á þessu svæði.

Það hlýtur að vera unnt að leggja þarna veg sem er greiðfær, öruggur og auðvelt að þjónusta á veturnum í stað þess að ráðast í aðgerðir af því tagi sem hér eru fyrirhugaðar.

Helstu neikvæðu áhrif umræddrar framkvæmdar felast einmitt í því að draga veginn upp á Veidileysuháls og síðan leggja hann eftir fjörum í Reykjafirði.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við framkvæmdina.

5.2 Svar Vegagerðarinnar við umsögn Umhverfisstofnunar

Vegagerðin hefur skoðað marga möguleika á lagningu nýs og öruggari vegar milli Veidileysu og Reykjarfjarðar. Árið 2012 var tekin ákvörðun í samráði við sveitarstjórn (sjá bls. 37 í umhverfismatsskýrslu) um að setja veglínu 602 í biðstöðu. Í kafla 3.4.1. í umhverfismatsskýrslu er greint frá að hún komi ekki til greina vegna lengingar leiðarinnar, kostnaðar og ofanflóðahættu. Bæta má við að veglína 602 fylgir veglínu A þar sem hún liggur um fjörur í Reykjafirði.

Vegagerðin mun við fullnaðarhönnun framkvæmdarinnar reyna að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á landslag, sbr. kafla 6.13.5 í umhverfismatsskýrslu.

6 Landgræðslan

6.1 Umsögn Landgræðslunnar dags. 14. desember 2022

Landgræðslunni barst til kynningar umhverfismatsskýrsla vegna strandvegar yfir Veiðileysuháls í Árneshreppi. Landgræðslan hefur kynnt sér efnið og byggir umsögn stofnunarinnar á lögum um landgræðslu nr. 155/2018, einkum er lýtur að því að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands.

Landgræðslan gerir ekki athugasemdir við umhverfismatsskýrslu vegna strandvegar yfir Veiðileysuháls í Árneshreppi. Hins vegar leggur stofnunin áherslu á að við framkvæmdir sé leitast við að lágmarka rask og að valda sem minnstum skemmdum á jarðvegi og gróðri, einkum votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt Náttúruverndarlögum. Jafnframt sé gróður og jarðvegur, sem óumflýjanlega fellur til við framkvæmdir, nýttur til lagfæringa eftir rask. Einnig, að við mótvægisáðgerðir sé leitast við að endurheimta sambærileg vistkerfi og hverfa undir vegstæðið, einkum í nær umhverfi þess.

Landgræðslan er reiðubúin til að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf um þá þætti er að verksviði hennar snúa, um jarðvegs- og gróðurvernd, uppgæðslu, og sjálfbæra nýtingu lands sé þess óskað.

6.2 Svar Vegagerðarinnar við umsögn Landgræðslunnar

Vegagerðin tekur undir umsögn Landgræðslunnar um að við framkvæmdir og frágang verði stefnt að því að raska votlendi sem minnst, nýta gróður og jarðveg sem fellur til við framkvæmdir og leitast við að endurheimta staðargróður, eins og kemur fram í kafla 6.7.4 í umhverfismatsskýrslu.

Leitað verður til Landgræðslunnar um ráðgjöf við jarðvegs- og gróðurvernd og uppgæðslu, eins og kemur fram í kafla 9.2 í umhverfismatsskýrslu.

7 Náttúrufræðistofnun Íslands

7.1 Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands dags. 14. desember 2022

Við er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, dags. 1. nóvember 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umhverfismatsskýrslu fyrir Strandaveg um Veidileysuháls í Árneshreppi.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir umhverfismatsskýrslu framkvæmdarinnar og fylgiskjöl en til skoðunar eru tveir valkostir, veglína A og veglína 705 sem vikur frá veglínu A á kafla frá Kúvíkurdal og niður í fjöru í Reykjafirði.

Náttúrufræðistofnun er að mestu leyti sammála Vegagerðinni um niðurstöður umhverfismatsins og mun framkvæmdin hafa talsverð neikvæð áhrif á flesta náttúrufarsþætti.

Náttúrufræðistofnun kemur með eftirfarandi athugasemdir og ábendingar. Frá vélvæðingu landsins hefur verið gengið á laus jarðlög vegna efnistöku og merkar jarðminjar sem tengjast jöklunarsögu landsins hafa orðið fyrir óbætanlegu raski. Heillegum myndunum frá þessu jarðsögutímabili fer fækkandi á landsvísu. Í jarðfræðiúttekt svæðisins kemur fram að við framkvæmdasvæðið séu laus jarðlög frekar rýr og leggur Náttúrufræðistofnun til að þeim verði hlíft eins og kostur er. Ekki er talið æskilegt að opna nýjar námur í lausum jarðlögum, en þess í stað nýta mölun í bergnámum.

Í Kaldbaksvík eru merkir malarhjallar og strandlínur sem þarf að hlífa fyrir efnistöku og er svæðið á náttúruminjaskrá. Á Reykjanesi þykja ummerki strandlína, og þá sérstaklega við Ríma, vera einhver af merkustu jarðminjum á Ströndum sem tengjast jöklunarsögu svæðisins. Krákumelar er formfagur hjalli sem er hluti af stærri landslagsheild. Þessar jarðminjar af lausum jarðlögum ætti ekki að nýta í efnistöku.

Náttúrufræðistofnun tekur undir það að áhrif framkvæmdar eru talsvert neikvæð þar sem vegstæðið liggur um votlendi. Hins vegar er gerð grein fyrir mótvægisáðgerðum, m.a. endurheimt votlendis þar sem ráðgert er að endurheimta sambærilegar votlendisgerðir í nágrenni þess sem verður raskað og eftirfylgni með þeim áðgerðum. Samkvæmt sérfræðiskýrslu um gróður fundust ekki plöntur á vólísta í vegstæðinu. Fljótt á lítið virðist vera um algengar tegundir að ræða en benda má á að í gróðurskýrslu virðist vanta á tegundalista í viðauka. Samkvæmt skráningum Náttúrufræðistofnunar vex stinnasef (*Juncus squarrosus*) í grennd við vegstæðið nærri Lómatjörn ofan Kjósarvíkur en óvissa er um nákvæmni staðsetningar. Stinnasef er á vólísta sem tegund í nokkurri hættu (VU) og friðuð skv. auglýsingu um friðun æðplantna, mosa og fléttna (nr. 1385/2021). Æskilegt væri að kanna betur hvort tegundin finnist á svæðinu.

Á bls. 155 í matsskýrslunni segir:

“*Truflun vegna framkvæmda mun hafa tímabundin neikvæð áhrif á fugla- og spendýralíf á svæðinu í heild. Í skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða kemur*

fram að með því að vinna utan varptíma fugla (maí–ágúst), við framkvæmdir við skeringar á sjávarhömrum í Forvaðahlíð vestanmegin Kleifarár og vegsvæði í nágrenni Lómatjarnar, er talið að áhrifin verði óveruleg.

Vegagerðin hefur tekið þessi tilmæli til skoðunar en niðurstaðan er að það sé ekki hægt að verða við þeim. Nauðsynlegt er að nýta allt sumarið til framkvæmda á svæðinu.“

Náttúrufræðistofnun bendir á að flestir fuglar, þ.á.m. fýlar, eru friðaðir á varptíma (sjá lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum). Skv. 1. gr laganna þá tekur friðunin einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar. Í 7. gr., þar sem fjallað er um undanþágur frá friðun, er ekki að sjá að slík ákvæði eigi við um framkvæmdir.

Til að vega upp á móti búsvæðatapi fugla við veglagningu sem og áhrif á ásjón og landslag, hvetur NÍ eindregið til þess að núverandi vegur verði afmáður að framkvæmdum loknum.

Æskilegt er að sú veglína verði fyrir valinu, veglína A, sem veldur minna raski á strandlengjunni til að draga úr neikvæðum áhrifum á fjöruvistgerðir og fuglalíf.

Mikilvægt er að gerðar séu úrbætur í vegasamgöngum fyrir Árneshrepp en hafa ber einnig í huga að þar hefur náttúrufræðistofnun notið vissrar friðhelgi fyrir framkvæmdum og raski. Því mælist Náttúrufræðistofnun til að vandað sé til verka og reynt að lágmark allt rask sem framkvæmdin hefur í för með sér, farið verði í þær mótvægisáðgerðir sem nefndar eru í skýrslunni, svo sem endurheimt votlendis, ásamt því að allur frágangur verði til sóma.

7.2 Svar Vegagerðarinnar við umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands

Vegagerðin tekur undir umsögn Náttúrufræðistofnunar um að ekki verði tekið efni úr lausum jarðlögum á framkvæmdasvæðinu umfram það sem þarf vegna skeringa.

Vegagerðin hefur yfirfarið viðauka 4 og séð að þar vantaði öftustu blaðsíðuna. Úr því hefur verið bætt og viðauki 4 uppfærður á heimasíðu Skipulagsstofnunar og Vegagerðarinnar.

Náttúrustofa Vestfjarða fór um framkvæmdasvæðið og kannaði gróður og vistgerðir. Gerður var listi yfir tegundir sem fundust á svæðinu. Ekki var leitað sérstaklega eftir stinnasefi í gróðurskoðun.

Áður en verkhönnun framkvæmdar á kaflanum við Lómatjörn ofan Kjósavíkur hefst verður Náttúrustofa Vestfjarða fengin til að gera nákvæmari skoðun og leit að stinnasefi á þeim kafla, svo mögulegt verði að forðast að raska því.

Samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum eru allir villtir fuglar á Íslandi almennt friðaðir og gera löggin ráð fyrir því að tekið sé tillit til þeirra við landnotkun og skipulag sbr. 2. mgr. 6. gr. Ekki verður séð að aflétta þurfi friðun sérstaklega en farið skal að skipulagslögum og lögum um náttúruvernd.

Verði tekin ákvörðun um að leggja Strandaveg eftir veglínu A mun Vegagerðin hafa samráð við Náttúrustofu Vestfjarða um tilhögun framkvæmda við fýlavarpið og útfærslu mótvægisáðgerða til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda (sbr. kafla 6.8.4 í umhverfismatsskýrslu). Einnig verður fýlavarpið vakt að loknum framkvæmdum (sbr. kafla 8.2.2 í umhverfismatsskýrslu).

Í kafla 4.7.5 í umhverfismatsskýrslu kemur fram að ákvörðun um hvað gera skuli við núverandi veg sem verður aflagður verði tekin í samráði við landeigendur og sveitarstjórn áður en framkvæmdaleyfi verður veitt. Almennt sé stefnt að því að þeir kaflar Strandavegar og vegtenginga sem lagðir verða af og ekki verða skilgreindir sem tengivegir eða héraðsvegir, muni falla til landeigenda. Vegagerðin muni jafna þá út og græða upp nema að landeigandi sé því mótfallinn, eða að ákveðið verði að skilgreina þá sem reiðleið.

Ákvörðun um leiðarval verður tekin í samráði við hreppsnefnd Árneshrepps þegar álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdarinnar liggur fyrir, áður en fullnaðarhönnun framkvæmdar hefst. Veglína 705 raskar fjöruvistgerðum og fuglalífi minna en veglína A en við ákvörðunina verður einnig horft til kostnaðar og umferðaröryggis.

Vegagerðin mun fylgja tilmælum Náttúrufræðistofnunar um að vanda til verka og að lágmarka rask sem fylgir framkvæmdum. Einnig verður ráðist í þær mótvægisáðgerðir sem nefndar eru í umhverfismatsskýrslunni.

8 Árneshreppur

8.1 Umsögn Árneshrepps dags. 30. desember 2022

Hreppsnefnd Árneshrepps þakkar fyrir kynningarfundinn sem haldinn var 22. nóvember s.l. varðandi Umhverfismatsskýrslu sem fjallar um vegalagningu yfir Veiðileysuháls.

Fundurinn var mjög gagnlegur og fróðlegur, og við munum fylgjast spennt með framgangi málsins næstu mánuði og ár.

Það voru nokkur atriði sem okkur langar til að koma framfæri varðandi verkið og þau eru eftirfarandi;

- Það má ekki á milli sjá hvort er betra, að byrja sunnan megin frá Veiðileysu, eða norðan megin frá Djúpavík. Sumir telja að það ætti tvímælaust að byrja frá Djúpavík og upp á hálsinn, en aðrir eru harðir á því að það ætti að byrja við Krákuá. Hvor byrjunin sem verður fyrir valinu hlýtur alltaf að bera í sér að halda opnum veginum tvisvar í viku þegar vetur gengur í garð og þyrfti því að koma inn í tilboðsgögn að verktakar sæju um opna veginn tvo daga í viku.
- Á milli stöðva (3000)3500 og 4000(4500) er gert ráð fyrir nokkuð krappri beygju sem við erum smá smeyk um að geti orðið farartálmi á veturnum. Það skelfur yfir hálsinn í norðan og norðaustan snjókomu og það hlýtur að bjóða upp á skaflamyndum á báðum vegarköflunum, efri og neðri.
- Kynntar voru tveir möguleikar veglínu, Veglína A og Veglína 705. Veglína A er aðeins 0,7 km lengri en 705, þannig að lengdarlega séð skiptir þetta ekki máli, en flestir eru þeirrar skoðunar að velja beri Veglínu A.
- Viðhafa þarf ýtrustu aðgát begar unnið verður við veginn fyrir neðan fossinn í Djúpavík, áin rennur í nokkrum kvíslum niður hlíðina og þarf því án efa að setja í hana fleiri en tvö rör til þess að skemma ekki ásýnd hennar. Áin og fossinn eru eitt að einkennum Djúpavíkur sem alls ekki má skemma.

Að lokum langar mig til að minna á að búið var að nefna að Vegagerðin ætlaði að halda sérstakan fund með hreppsnefnd Árneshrepps. Er nokkuð búið að finna dag til þess, kannski bara eftir áramót úr því sem komið er?

8.2 Svar Vegagerðarinnar við umsögn Árneshrepps

Við undirbúning útboðs framkvæmdarinnar mun Vegagerðin í samráði við Árneshrepp taka ákvörðun um áfangaskiptingu framkvæmda. Þá verður farið yfir skilyrði um opnun vegarins á framkvæmdatíma og verða þau sett í útboðsgögn.

Hárnálabeygjan við stöð 3700 var skoðuð af sérfræðingi í snjóhönnun vega og vegna ábendinga hans var beygjan færð til. Við fullnaðarhönnun vegarins verður beygjan skoðuð betur, til að reyna að koma í veg fyrir snjósöfnun á veg.

Ákvörðun um val á veglínu verður tekin í samráði við Árneshrepp að loknu mati á umhverfisáhrifum, áður en verkhönnun framkvæmdarinnar hefst.

Við fullnaðarhönnun vegarins verða ræsin í Djúpavíkurá skoðuð betur og metið hvort setja þarf fleiri ræsi í ána. Við framkvæmdir verður reynt að breyta ásjón árinna sem minnst.

Vegagerðin stefnir á að halda fund um undirbúning framkvæmdarinnar með hreppsnefnd Árneshrepps eins fljótt og auðið er.

9 Fiskistofa

9.1 Umsögn Fiskistofu dags. 30. desember 2022

Með tölvupósti þann 1. nóvember sl. leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi hugsanlega matsskyldu framkvæmda við Strandaveg um Veiðileysuháls í Árneshreppi. Fram kemur í meðfylgjandi gögnum að helstu vatnsföll sem framkvæmdir á svæðinu geta raskað séu Krákuá, Bæjará, Búðará, Kleifará, Djúpavíkurá og Kjósarsá. Ekki liggja fyrir upplýsingar um fiskistofna eða veiði í umræddum ám. Fram kemur að fyrirhugaðar þveranir séu flestar á ófiskgengum hluta ánna/lækjanna, nema í Kjósará. Yfir Kjósará verður byggð brú en engar breytingar gerðar á farvegi hennar og mun brúargerðin því ekki hafa áhrif á fiskigengd. Fram kemur einnig að ræsi, þar sem þau verða notuð, verði útbúin þannig að þau muni ekki hindra fiskför.

Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði eða er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, eins og tíundað er í fram lögðu erindi. Það getur átt við allar þær ár/læki sem verða þveraðar, þar sem veiðivatn er skilgreint á eftirfarandi hátt í lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði (3. gr.): 59. Veiðivatn: Á eða stöðuvatn sem veiði er í eða mætti í vera ef fiskur væri ræktaður þar.

Miðað við forsendur í fyrirliggjandi gögnum telur Fiskistofa ekki nauðsynlegt að framkvæmdin þurfi að undirgangast mat á umhverfisáhrifum.

9.2 Svar Vegagerðarinnar við umsögn Fiskistofu

Vegagerðin mun afla leyfis Fiskistofu til að raska ám og lækjum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði í samræmi við lög nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

10 Samgöngustofa og Veðurstofa Íslands

10.1 Umsögn Samgöngustofu dags. 03. janúar 2023

Samgöngustofa gerir ekki athugasemdir við umhverfismatsskýrslu framkvæmdarinnar.

10.2 Svar Vegagerðarinnar við umsögn Samgöngustofu

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við umsögn Samgöngustofu.

10.3 Umsögn Veðurstofu Íslands dags. 03. janúar 2023

Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemd við umhverfismatsskýrslu Vegagerðarinnar.

10.4 Svar Vegagerðarinnar við umsögn Veðurstofu Íslands

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við umsögn Veðurstofu Íslands.

11 Hafrannsóknastofnun

11.1 Umsögn Hafrannsóknastofnunar dags. 02. janúar 2023

Straumvatn

Fyrirhugað er að byggja nýja brú á Kjósará en stálræsi verði sett í Kráku, Bæjará, Búðará, Kleifaró og Djúpavíkurá. Einnig er gert ráð fyrir því að breyta farvegi Djúpavíkurár á stuttum kafla. Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að framkvæmdir verði á ófiskgengum hluta Kráku, Bæjarár, Búðarár og Kleifarár. Veglínán færir engu að síður niður fyrir foss í Bæjará, en líklega eru einnig ófiskgengir fossar og flúðir neðan við væntanlegan framkvæmdastað í ánni.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er innan svæðis sem kannað var í rannsókn á áhrifum brúa- og ræsagerðar á búsvæði og ferðir ferskvatnsfiska (sjá, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, Bjarni Jónsson, Eik Elfarsdóttir og Karl Bjarnason, 2005). Guðmundur Ingi Guðbrandsson o.fl. (2005) könnuðu aðstæður við ræsi eða brýr í Kleifaró, Búðará, Bæjará og Kráku. Það einnig gert í Reykjarfjarðará og Seljá sem liggja rétt utan framkvæmdasvæðisins, auk fleiri vatnsfalla. Í Kleifaró og Kráku var straumhraði 2,5 sinnum hærra en að meðaltali ofan og neðan við ræsi. Í Kráku var hann 0.694 m/s en 1.274 m/s í Kleifaró. Miðað er við að straumhraði sé ekki meiri en 1,2 m/s til að hafa ekki áhrif á ferðir fullorðna laxfiska, en 0,3 - 0,6 m/s til að hafa ekki áhrif á far laxfiskaseiða (sjá heimildir í Guðmundur Ingi Guðbrandsson o.fl., 2005). Athugun á fiskistofnun með rafveiðum sýndu að staðbundin bleikjustofn er að finna í Kráku og fundust kynþroska bleikjur sem voru mest sex ára gamlar, en undir 20 cm að lengd, auk ókynþroska seiða. Í Kleifaró fannst ekki fiskur. Í Reykjarfjarðará fundust bleikjuseiði í töluverðu magni auk tveggja hornsíla og áls, en einungis bleikjuseiði í Seljá. Því er líklegt að bleikju sé einnig að finna í Kjósará og Djúpavíkurá.

Ef frágangur á ræsum verður með þeim hætti að þau trufla ekki far laxfiskaseiða verða áhrif framkvæmdarinnar líklega óveruleg. Það verði gert með því að tryggja að straumhraði fari ekki yfir þau mörk sem getið er hér að ofan. Slíkt má m.a. tryggja með því að hafa ræsi nægilega víð, halli sé innan marka og að ekki sé hætt á að grafi frá útfalli þeirra. Hafa þarf í huga að staðbundinn bleikjustofn er að finna í Kráku og hugsanlega á ófiskgengum svæðum annarra vatnsfalla. Veglínán færir yfirleitt neðar á vatnasviði vatnsfalla á svæðinu sem eykur líkur á fiskgengd, þó líklega sé í öllum tilvikum rétt að veglínán sé enn á ófiskgengum svæðum. Mælingar Guðmundur Ingi Guðbrandsson o.fl. (2005) sýndu að ræsi í Kleifaró og Kráku gætu truflað far laxfiska og því er rétt að hafa það í huga þegar nýjum ræsum er komið fyrir. Athuga hvort að þörf sé á stærri ræsum eða athuga betur halla í farvegi, en báðar breytur geta valdið of miklum straumhraða í ræsum.

Í umhverfismatsskýrslu er ekki minnst á tvo læki sem eru milli Djúpavíkurár og Kjósár. Rétt er að ganga frá ræsum í þeim á þann hátt að fiskseiði eigi greiða leið upp lækina. Sjóbleikja gæti nýtt þá til uppeldis ef þeir þorna ekki.

Rétt er að hugað sé vel að atriðum varðandi aðgerðir á framkvæmdatíma sem komu fram í fyrri umsögn Hafrannsóknastofnunar um þessa framkvæmd og sjá má í kafla 6.9.5 (bls. 158) í umhverfismatsskýrslunni varðandi mengunarhættu frá vélum, steypu og raski á framkvæmdatíma. Að teknu tilliti til þeirra atriða gerir Hafrannsóknastofnun ekki athugasemdir við umhverfismatsskýrsluna.

Fjörur og grunnsævi

Framkvæmdarsvæði veglínu A liggur meðfram fjöru eða á grunnsævi á um 2,5 km svæði en framkvæmdarsvæði veglínu 705 liggur meðfram fjöru eða á grunnsævi á um 1,0 km svæði. Hafrannsóknastofnun benti á í fyrri umsögn að gera þyrfti athugun á lífríki fjörunnar sem ætti að raska og varð Vegagerðin við því með því að fá Náttúrustofu Vestfjarða í verkefnið (viðauki 6 í umhverfismatsskýrslu). Fram kom í rannsókn vegna þessarar vegagerðar að klóþangsfjara og bólþangsklungur sem hafa hátt verndargildi myndu raskast. Einnig var gerð úttekt á öðrum lífverum á svæðinu sem voru einna helst ánar, burstaormar og marflær.

Vægiseinkunn vegna áhrifa nýs vegar á lífríki fjöru og á grunnsævi eru talin *óveruleg til talsvert neikvæð*. Þá eru þessi áhrif öll *talsvert neikvæð* að loknum framkvæmdum.

Fjallað er sérstaklega um veglínu A og veglínu 705. Við gerð veglínu 705 mun minna rask verða á fjöru og grunnsævi en við veglínu A. Að mati Hafrannsóknastofnunar væri æskilegt að ekki væri nein röskun á fjörum vegna vegagerðar eða annara framkvæmda. En ef ekki er hægt að leggja veg öðruvísi en að fara með hann um fjöru með tilheyrandi raski, myndi stofnunin frekar styðja framkvæmdir við veglínur sem valda minnsta raski á fjörum

11.2 Svar Vegagerðarinnar við umsögn Hafrannsóknastofnunar

Straumvatn

Við kafla 6.9.5. í umhverfismatsskýrslunni um þær aðgerðir sem ráðist verður í til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á lífríki straumvatna má bæta:

- Við verkhönnun framkvæmda verður haft samráð við Hafrannsóknastofnun. Ef staðhættir leyfa verður tryggt að straumhraði í ræsum fyrir Kráku, Bæjará, Búðará, Kleifar, Djúpavíkurá, tvo læki sem eru milli Djúpavíkurár og Kjósará, og brú á Kjósará hindri ekki för laxfiska og laxfiskaseiða.
- Stefnt verður að því að straumhraði í ofangreindum ám og lækjum verði á bilinu 0,3-0,6 m/s en sé það ekki mögulegt vegna staðhátta verður miðað við að straumhraðinn verði 1,2 m/s. Það verður gert með því að hafa ræsi nægilega víð, með halla innan marka svo ekki sé hætta á að grafi frá útfalli þeirra.

Fjörur og grunnsævi

Við val á veglínu á kaflanum við Kleifar verður umsögn Hafrannsóknastofnunar höfð til hliðsjónar.